

SHALDÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Veikar fyrir Virku

Yfir þrjátíu konur frá Noregi komu í sérstaka helgarferð til Reykjavíkur til að kaupa efni í bútasam í vefnaðarvöruversluninni Virku.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. júní 2012  
129. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeimtölukönnun Capacent Gallup í maí - mars 2012



## Erfið vika hjá Bieber

Söngvarinn Justin Bieber átti erfiða viku. Hann á meðal annars yfir höfði sér fangelsisvist.

popp 24

## Bjarga sér á fjöllum

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu býður upp á nám í fjallamennsku.

tímamót 18




## Styttist í kveðjustund

Guðmundur Guðmundsson hættir með landsliðið eftir ÓL í London í sumar.

sport 26

## veðrið í dag



**KÓLNAR Í VEDRI** Í dag má búast við norðlægum áttum, víða 5-10 m/s. Þykkjar heldur upp norðan- og austantil en annars nokkuð bjart. Þoka eða súld við A-ströndina og skúrir síðdegis S- og V-lands.

VEÐUR 4

# Of margir átta sig ekki á áhættu óverðtryggðra lána

Framkvæmdastjóri ÍLS hvetur til að sett verði lög um markaðssetningu húsnæðislána. Hann óttast að áhætta í húsnæðiskerfinu aukist vegna endurskoðunarákvaða á lánnum sem geta hækkað greiðslubyrði snögglega.

**NEYTENDUR** Það væri til bóta fyrir húsnæðismarkaðinn á Íslandi að sett yrðu lög um markaðssetningu húsnæðislána. Þetta er mat Sigurðar Erlingssonar, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs (ÍLS), sem óttast að aukid framboð óverðtryggðra húsnæðislána með endurskoðunarákvaði geti aukid áhættu í húsnæðiskerfinu.

„Ég held að of margir neytendur geri sér ekki fullkomlega grein fyrir þeirri áhættu sem felst í þessari skuldbindingu. Þess vegna held ég að allt sem stuðlar að því að kúnninn sé vel upplýstur sé til bóta,“ segir Sigurður og bætir við að hann sé hlynntur því að Ísland

fylgi fordæmi margra Evrópuþjóða sem hafi sett lög um húsnæðislán í anda laga um neytendalán.

Sigurður segir hættuna við óverðtryggð lánin felast í tíðum endurskoðunarákvaðum sem geri það að verkum að vextir lánanna há og vaxtastig hækkar, þá verða allir kostirnir við endurskoðun mun verri en upphafleg staða lánsins ef neytandinn hefur spennt bogann hátt. Þess vegna þarf að ráðleggja kúnnanum að spenna bogann ekki of hátt svo hann eigi borð fyrir

Þess vegna þarf að ráðleggja kúnnanum að spenna bogann ekki of hátt svo hann eigi borð fyrir báru.

**SIGURÐUR ERLINGSSON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

báru. Almennt finnst mér að þessu hafi ekki verið gefinn nægilega mikill gaumur,“ segir Sigurður og bætir við að þetta geti aukid áhættuna í kerfinu.

Stóru viðskiptabankarnir þrjú bjóða nú allir óverðtryggð húsnæð-

islán með föstum vöxtum til ýmist þriggja eða fimm ára og endurskoðunarákvaði. Sigurður segir að upphafleg kjör lánanna hafi gefid ranga mynd af þeim kjörum sem lántakendur ættu að vænta yfir líftíma lánsins. Kjörin skýrist af því að bankarnir hafi fjármagnað lánin að hluta með innlánnum en ekki alfarið með skuldabréfaútgáfu.

Íbúðalánasjóður fékk á síðasta ári lagaheimild til að bjóða upp á óverðtryggð lán. Stefnir sjóðurinn að því hefja slíkar lánveitingar í haust og er ráðgert að fjármagna lánin með sérstakri útgáfu óverðtryggðra skuldabréfa.

- mþl



**ÞORSKUR Í NÁVÍGI** Stemning og gleði var ríkjandi um allt land í gær þegar landsmenn fögnuðu sjómannaáttinum í rjómbliðu. Ingibjörg Ósk Brynjarsdóttir fylgdist með þorskum svamla um í stærðarinnar fiskabúri sem komið var fyrir úti á Granda í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Göldróttá fóstran til Íslands: Mary Poppins svífur á svið

**LEIKLIST** Söngleikurinn um göldróttu ofurfóstruna Mary Poppins verður settur á svið í Borgarleikhúsinu í febrúar 2013. „Við erum búin að vera í viðræðum um íslenska uppsetningu verksins í nokkur ár og fengum nú loksins heimild til að hrinda þessu í gang,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

Bergur Þór Ingólfsson hefur verið ráðinn sem leikstjóri sýningarinnar en enn hefur ekki verið ákveðið hver fari með hlutverk sjálftrar Mary Poppins eða nokkurs annars í sýningunni. „Það er verið að skoða málið,“ segir Magnús Geir. - trs / sjá síðu 30



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON**

## Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.



Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

Þrjú forsetaframbjóðendur gengu út úr beinni útsendingu Stöðvar 2:

## Áherslan á hlutverk forsetans

**KOSNINGAR** Þrjú af frambjóðendum sex sem mættu í Hörpu í gær gengu út þegar útsending Stöðvar 2 var hafin. Með því vildu þau Andrea J. Ólafsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson og Hannes Bjarnason mótmæla fyrirkomulagi kosningabáttarins.

Þau voru ósátt við uppröðun þátttakenda í þrjú þör þar sem Ólafi Ragnari Grímssyni og Þóru Arnórsdóttur var skipað saman.

Í kappræðum þeirra sem eftir stóðu, Herdísar Þorgeirsdóttur, Þóru og Ólafs Ragnars voru völd og hlutverk forsetans í fyrirrúmi.

Öll voru þau sammála um gildi málskotsréttar. Ólafur og Herdís töluðu meðal annars um óvissuástand í þjóðfélaginu en Þóra sagði bjart fram undan og lagði áherslu á sameiningarhlutverk forseta.

- bj.- þj / sjá síðu 4

## ÍSLENSK LISTASAGA

★★★★★ EFI / MORGUNBLAÐIÐ

„... stórtíðindi öllum unnendum myndlistar.“ PBB / FRÉTTATÍMINN



## SÉRVERKEFNI

- Teppahreinsun
- Steintepparíf
- Parkethreinsun
- Bónvinna



www.iss.is







Þórir, er ekki bara málið að teygja lopann?

„Það myndi nú skila veikara bandi, en gæti kannski sloppið ef það væri þæft.“

Þórir N. Kjartansson hjá Víkurþjóni undrast að íslensk ull sé send erlendis til vinnslu, því vart sé til nóg ull fyrir innlenda framleiðslu sem stendur.

## Utánríkisráðherra Íslands: Fordæmir voðaverk í Sýrlandi

**UTÁNRIKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utánríkisráðherra fordæmir harðlega voðaverk sýrlandskra stjórnvalda, sérstaklega fjöldamorðin í bænum Houla fyrir skemmstu.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu ráðherra, en þar er ítrekuð fyrri krafa um að Bashar Al-Assad Sýrlandsforseti víki úr embætti. Össur segir líttinn vafa leika á því að stjórnvöld „hafi gerst sek um skipulögð og kerfisbundin mannréttindabrot undanfarnar vikur og mánuði“. Hann bætir því við að draga þurfi til ábyrgðar alla þá sem stóðu fyrir morðunum í Houla. Þar féllu 108 manns í árásum vígamanna, þar af 49 börn.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

## Könnun á fylgi flokkanna: Færri styðja stjórnarflokka

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með stuðning 39,3 prósentu landsmanna samkvæmt könnun Capacent Gallup sem RÚV birti í gær. Stuðningur við flokkinn eykst milli kannanna.

Stuðningur við ríkisstjórnarflokkana dalar milli kannanna, Samfylkingin fær 17,7 prósent og Vinstri græn 10,4 prósent samkvæmt könnuninni.

Framsóknarflokkurinn mælist með stuðning 12,9 prósentu, 5,6 prósent styðja Samstöðu og 5,4 prósent Dögum. Þá styðja um 4 prósent Bjarta framtíð og sama hlutfall Hægri græna.

Svarhlutfall í könnuninni var 60,9 prósent.

Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra um fiskveiðifrumvörpin:

## Treysta umgjörð um kjör sjómanna

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon ráðherra sjávarútvegs mála, sagðist í ræðu sinni við sjómanna-dagshátíðarhöld í Reykjavík í gær ekki vilja varpa skugga á hátíðarhöldin með umræðu um breytingar á stjórn fiskveiða. Hann hefði önnur tækifæri til þess, en vildi þó fullvissa sjómenn um að málið snerist alls ekki um „að veiða minna af fiski eða skerða kjör eða skiptahlutföll sjómanna“. Þvert á móti stæði til að „treysta betur umgjörð um kjaramál sjómanna“. Hann minntist, í ræðu sinni,



**FAGNAÐI FRAMFÖRUM** Í ræðu sinni fagnaði sjávarútvegsráðherra framförum í öryggismálum sjómanna. Þeirra fjölmörgu sjómanna sem látist hafa við störf sín á Íslandsmiðum í gegnum tíðina en fagnaði

um leið þeim gríðarlegu framförum sem orðið hafa í öryggismálum sjómanna þar sem banaslysum hefur fækkað og jafnvel hafi liðið tvö ár milli þess sem íslenskir sjómenn bíði bana við skyldustörf. Steingrímur minntist á afnám sjómannaafsláttarins og sagðist ekki hafa haft gleði af því verki. Hann opnaði þó á að síðar meir, þegar jafnvægi yrði náð í ríkisrekstrinum, mætti „taka tillit til sérstöðu sjómanna-starfsins í skattalegu tilliti“ hvort sem það yrði með skattafrádrætti eða með öðrum íviltunum.

Flugvél hrapaði í íbúðabyggð:

## Óttast að yfir 150 hafi farist

**NÍGERÍA, AP** Yfir 150 fórust þegar farþegaþota brotlenti í íbúðabyggð í Lagos, höfuðborg Nígeríu í gær.

Alls voru 153 um borð í vélinni og komst enginn þeirra lífs af. Þá var óttast að fólk á jörðu niðri hafi farist í slysinu en ekki var ljóst þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi hversu margir fórust til viðbótar við þá sem voru í vélinni.

Potan fór í gegnum húsgagnabúð og endaði á íbúðabyggingu. Orsakir þess að þotan brotlenti eru ekki þekktar.

# Dúxinn úr MR með 9,83 í meðaleinkunn

Hólmfríður Hannesdóttir útskrifaðist fyrir helgi með fjórðu hæstu einkunn í sögu Menntaskólans í Reykjavík. Hún tekur sér ekki langt frí til að fagna góðum árangri og hefur þjálfun fyrir Ólympíuleikana í eðlisfræði strax í dag.

**MENNTAMÁL** „Ég hef notið þess öll árin í MR að vera með frábæra kennara sem hafa vakið áhuga á námsgreinunum og kennt þær vel,“ segir nýstúdentinn Hólmfríður Hannesdóttir, beðin um að uppljóstra leyndarmálinu að baki þeim árangri að útskrifast með 9,83 í meðaleinkunn af eðlisfræðibraut í Menntaskólanum í Reykjavík. Það er fjórða hæsta einkunn sem gefin hefur verið í sögu skólans. Til viðbótar við það að hafa góða kennara segir Hólmfríður árangurinn byggja á heldur einfaldri formúlu: Að skipuleggja sig og nýta tímann vel.

Hólmfríður segist ekki hafa stefnt að því að verða dúx. „Nei, það var alls ekki markmið hjá mér. Mig langaði bara að ganga vel. Það var það eina sem skipti mig máli. Ég hef alltaf lært mjög mikið en ég er samt alls ekki alltaf að, heldur hef ég passað að nýta vel þann tíma þegar ég er að læra. Auk þess hefur skipt mig miklu máli að lifa heilbrigðu lífi, borða hollt og hreyfa mig, og ekki síst taka frí milli mikilla anna í skólanum.“

Hólmfríður tekur sér ekki lengri tíma en eina helgi til að ná sér niður á jörðina eftir útskrift, því strax í dag hefur hún stífa þjálfun fyrir Ólympíuleikana í eðlisfræði sem hún tekur þátt í í júlí. „Við erum fimm sem förum héðan frá Íslandi. Fram undan eru fullir vinnudagar í undirbúningi, alveg fram að keppni. Við verðum uppi í Háskóla Íslands og þangað koma ýmsir kennarar til okkar. Þetta er mjög spennandi og ég ætla að gera hvað ég get til að standa mig vel,“ segir Hólmfríður.



**DÚX** Hólmfríður Hannesdóttir ætlar í háskóla í haust en er ekki búin að ákveða hvaða námsgrein verður fyrir valinu. Líklega verður það þó verkfræði.

„Ég hef alltaf lært mjög mikið en ég er samt alls ekki alltaf að.“

HÓLMFRÍÐUR HANNESDÓTTIR

Að loknum Ólympíuleikum ætlar Hólmfríður samt að gefa heilanum frí, en þá ætlar hún í Evrópureisu með kærasta sínum og samstúdenti, Baldri Ingvarsyni, áður en alvara lífsins tekur aftur við í haust.

Hólmfríður á að baki ellefu ára

nám í píanóleik, en hún lagði hann á hilluna síðastliðið haust, þegar of mikið var að gera í náminu. „Það er mjög gaman að spila á píanó og ég fékk mikið út úr því. Mig langar að halda því áfram einhvern tímann, þegar það hentar mér,“ segir hún. Sá tími er ekki kominn, þar sem hugar hennar stefnir í háskólanám í haust. „Ég er ekki alveg búin að ákveða enn þá hvaða námsgrein ég ætla að velja, en líklega verður verkfræðin fyrir valinu,“ segir Hólmfríður að lokum.

holmfridur@frettabladid.is

## Ný leið til að leita geimvera: Engin vonbrigði að finna ekkert

**VÍSINDI** Geimvísindamenn beittu nýverið nýrri aðferð til að leita að merkjum um geimverur í nágrenni stjörnu sem talið er líklegt að sé með lífvænlegar plánetur á sporbaug. Talsmenn þeirra segja það síður en svo vonbrigði að engin merki hafi fundist.

Við leitina beindu vísindamennirnir nokkrum öflugum útvarpsstjónaukum að stjörnunni Gilese 581, sem er í um 20 ljósára fjarlægð frá Jörðu, með það fyrir augum að nema útvarpsbylgjur í sólkerfinu, samkvæmt frétt BBC.

Engar bylgjur fundust, sem þó útilokar ekki vitsmunalíf á plánetunum, segja vísindamennirnir, enda notkun útvarpsbylgja ekki forsenda vitsmunalífs.

Kærulaus móðir í Phoenix:

## Gleymdi barni á þaki bílsins


**BANDARÍKIN, AP** Betur fór en á horfðist þegar hin nítján ára gamla Catalina Clouser frá Phoenix í Arizona

ríki gleymdi fimm vikna gömlum syni sínum í bílstól uppi á þaki bílsins áður en hún ók af stað, seint á föstudagskvöld.

Stóllinn rann af þaki bílsins og út á gatnamót þar sem vegfarendur fundu drenginn, ómeiddan.

Móðirin áttaði sig á hvarfinu þegar heim var komið og sneri við til að leita en gekk í flasið á lögreglu og var handtekin.

Hún reyndist undir áhrifum kannabísefna og var barninu komið í vörslu félagsmálayfirvalda.



CATALINA CLOUSER

Marriott-hóтелиð sem rísa mun við Hörpu verður dýrasta hótél landsins:

## Samningar að nást um hótél

**VIÐSKIPTI** Samningaviðræður við forsvarsmenn svissnesks fjárfestingafélags um byggingu hótélbyggingar við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu eru langt komnar, en Marriott-hóтелиð sem rísa mun á svæðinu verður langdýrasta hótél landsins.

Hóтелиð, sem rísa á við Hörpuna og taka mun til starfa árið 2015, verður allt hið glæsilegasta, en það verður búið um 270 hágæðaherbergjum. Gert er ráð fyrir að fjárfestingin verði upp á um 60 milljónir evra með lóðarverðinu, eða sem nemur tæplega tíu milljörðum króna.

Til samanburðar má nefna að virði hússins sem hýsir Hilton Reykjavík Nordica Hótél er um þrjár og hálfur milljarður króna með lóðinni.

Að sögn Péturs J. Eiríkssonar,

stjórnarformanns Austurhafnar, hafa samningaviðræður staðið yfir síðustu daga og vikur og gengið vel. Vonir standa til þess að viðræðunum ljúki á næstunni með samningum.

Bandaríska hótélkeðjan Marriott mun reka hótelið undir sínu nafni en það verður í hið minnsta fjögurra stjörnu. Húsið sjálft verður í eigu hins svissneska félags, sem átti hæsta boð í lóðina við hlið Hörpunnar, upp á liðlega 1,8 milljarða króna.

**HARPA** Bandaríska hótélkeðjan Marriott mun reka hótelið sem stendur til að reisa við hlið Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það sem eyru þín þrá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Sumarið kallar á iPhone!



1.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 3 GS!

3.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 4S!

1.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 4!

iPhone 3 GS (8 GB)

3.990 kr. í 18 mán.

1.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

64.990 kr. stgr.

iPhone 4S (16 GB)

8.690 kr. í 18 mán.

3.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

139.990 kr. stgr.

iPhone 4 (8 GB)

6.490 kr. í 18 mán.

1.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

99.990 kr. stgr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



## GENGIÐ 01.06.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	130,61	131,23
Sterlingspund	199,94	200,92
Evra	160,9	161,8
Dönsk króna	21,651	21,777
Norsk króna	21,243	21,369
Svænsk króna	17,882	17,986
Japanskt jen	1,6698	1,6796

SDR 196,58 197,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,5933

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**DÆMDUR** Hosní Múbarak var sakfelldur fyrir hluta af því sem hann var ákærður fyrir og dæmdur í lífstíðarfangelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Dómur yfir Hosní Múbarak: Saksóknari vill áfrýja dómi

**EGYPTALAND, AP** Saksóknari í máli egypska ríkisins gegn Hosní Múbarak, fyrrverandi forseta Egyptalands, og tveggja sona hans ætlar að áfrýja niðurstöðu dómsins.

Múbarak og synir hans voru sýknaðir af ákæru um spillingu og að hafa lagt á ráðin um morð. Múbarak var hins vegar sakfelldur fyrir að koma ekki í veg fyrir morð á óbreyttum borgurum og dæmdur í lífstíðarfangelsi.

Samkvæmt egypskum lögum verður saksóknarinn að áfrýja öllum dómnum, ekki bara þeim ákæruálagnum sem sýknað var í. - bj

## Par reyndi að ræna apótek: Borgarar handtöku ránspar

**LÖGREGLUMÁL** Almennir borgarar handtöku karlmann og konu á þrítugsaldri í hádeginu í gær þegar þau reyndu að ræna apótek á Akureyri.

Fólkið var í annarlegu ástandi þegar það kom inn í apótekið vopnað kúbeinum og með hulin andlit. Þau ógnuðu starfsfólki sem tókst þó að hrekja þau á flóttu. Þegar fólkið ætlaði að flýja af vettvangi eltu borgarar það uppi og yfirbuguðu það og héldu því föstu þar til lögreglu bar að.

Prír af sex frambjóðendum gengu út úr beinni útsendingu á Stöð 2 vegna óánægju með fyrirkomulagið:

# Mótmæltu fyrirkomulagi útsendingarinnar

**KOSNINGAR** Þrír frambjóðendur til embættis forseta Íslands gengu út úr beinni útsendingu á Stöð 2 í gærkvöldi þar sem fram fóru umræður um komandi forsetakosningar. Þau Andrea J. Ólafsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson og Hannes Bjarnason vildu með þessu mótmæla fyrirkomulagi þáttarins.

Upphaflega áformaði Stöð 2 að bjóða einungis Ólafi Ragnari Grímssyni, sitjandi forseta, og Þóru Arnórsdóttur, sem hefur mælst með langmest fylgi áskorenda Ólafs í skoðanakönnunum, að taka þátt í útsendingunni. Aðrir frambjóðendur mótmæltu því að fá ekki að taka þátt, og í kjölfarið ákvað Þóra að mæta ekki í þáttinn, sem fram fór í Hörpu í gærkvöldi.

Í kjölfarið ákvað Stöð 2 að bjóða öllum fram-

bjóðendum í útsendinguna. Þar áttu frambjóðendurnir að vera tveir og tveir saman og svara spurningum spyrsla og áhorfenda. Þeim var ráðað í stafrófsröð, og áttu Andrea og Ari Trausti að byrja, því næst áttu Hannes og Herdís Þorgeirsdóttir að sitja fyrir svörum, og að lokum áttu Ólafur og Þóra að vera tvö saman.

Þessu mótmæltu Andrea, Ari Trausti og Hannes við upphaf þáttarins. Fyrir útsendinguna fóru þau, ásamt Herdísi, fram á að dregið yrði um röð frambjóðendanna; hvernig þeir yrðu paraðir saman í útsendingunni. Við því varð Stöð 2 ekki.

Andrea og Ari Trausti lásu upp yfirlýsingu. Þar skoraði Andrea á Þóru og Ólaf að fylgja þeirra fordæmi, en við því urðu þau ekki. - bj



**GENGU ÚT** Ari Trausti, Andrea og Hannes gengu út úr beinni útsendingu Stöðvar 2 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tókust á um hlutverk forseta

Þátttakendur í forsetakappraðum tókust á um hlutverk forsetans. Herdís og Ólafur Ragnar sögðu forsetann mikilvægan í óvissuástandi. Þóra dró úr óvissutali og lagði áherslu á sameiningarhlutverk forsetans.

**KOSNINGAR** Stjórnskipunarlegt hlutverk forseta var í forgrunni í kapp- ræðum forsetaframbjóðenda á Stöð 2 í gær. Þar áttust við þau Herdís Þorgeirsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Þóra Arnórsdóttir, eftir að hinir þrír frambjóðendurnir höfðu gengið út úr myndveru í upphafi útsendingar.

Ólafur Ragnar sagðist ósam- mála fullyrðingu Þóru um að hann hafi „teygt stjórnskipun landsins“ í embættisverkum sínum og bað um dæmi því til stuðnings.

Þóra sagði Ólaf telja að hann yrði að sitja áfram vegna ESB og breytinga á stjórnarskrá án þess að forseti hafi nokkuð með þau mál að gera. Þóra vitnaði í nýleg orð Ólafs að forseti gæti til dæmis neitað forsætisráðherra um þingrof og lagt fram frumvörp á Alþingi.

„Þannig er hann að taka til sín meiri völd er hefur þekkt hingað til. Það hefur ekki þótt heyrna undir valdsvið forseta og ég hef íhalds- samari sýn á það.“

Ólafur sagði dæmi Þóru ekki styðja hennar fullyrðingar. Til dæmis hafi Sveinn Björnsson í sinni forsetatíð neitað Ólafi Thors forsætisráðherra um þingrof.

„Það er ljóst að forseti sem tekur afstöðu til þingrofsbeiðni er að starfa í samræmi við stjórnskipun landsins. Að forseti hafi skoðun á aðild að ESB eða hvernig stjórnarskrá á að vera á Íslandi er ekki brot á stjórnskipun landsins.“

Þóra sagðist ekki þeirrar skoðunar að forseti eigi að taka afstöðu í stórum pólitískum deilumálum. Hann eigi að vera forseti allra Íslendinga en ekki aðeins þeirra sem deila hans pólitísku sýn.

Herdís sagði hlutverk forseta vera skýrt í stjórnarskrá og að hér sé í raun hálfgerð forsetaræði.

„Forsetinn hefur ákveðin völd og þó svo að forseti hafi ekki beitt



**PAU SVÖRUDU** Eftir að Ari Trausti Guðmundsson, Andrea J. Ólafsdóttir og Hannes Bjarnason gengu út stóðu þau Herdís Þorgeirsdóttir, Þóra Arnórsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson eftir og svöruðu spurningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

málskotsréttinum fyrr en árið 2004, 50 árum eftir stofnun lýðveldisins, eiga venja og hefðir ekki að útiloka að hægt sé að virkja stjórnarskrárákvæði sem voru þar sett af ákveðinni ástæðu.“

### Ólík sýn á óvissuástand

Málskotsrétturinn sjálfur kom að sjálfsögðu til tals og deildu allir frambjóðendur þeirri skoðun að sá réttur sé mikilvæg tæki forseta.

Verulegur munur virtist á sýn

frambjóðenda á núverandi þjóðfélagsástandi og nánustu framtíð. Aðspurð um meint óvissuástand sem Ólafur Ragnar vísar til í stjórnskipunarmálum og samskiptum við aðrar þjóðir sagðist Þóra ekki deila hans sýn „að hér ríki slík óvissa að fólk skjálfi á beinum eða að hér þurfi að vera sterkur skipstjóri í brúnni sem leiði þjóðina áfram. Ég held að þjóðin sé fullfær um það sjálf.“

Þóra þáði þvert á móti að Ísland ætti bjarta tíma fram undan og

að það væri á réttri leið. „Ég held að Ísland eigi nokkuð bjarta tíma fram undan og sé á réttri leið. Ég sé enga skriðdreka eða neinar vísbendingar um að allt sé að fara í kaldakol.“

Herdís sagði hins vegar að forsetaembættið væri lykilembætti sem gæti gripið inn í ef kæmi til upplausnarástands á Alþingi.

„Það er ekkert sem bendir til annars en að það geti orðið og sé meira að segja líklegt.“

thorgils@frettabladid.is

## Ryksuga

VS 06G2001

Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka. Vinnuradius 10 metrar.



## SIEMENS

Tilboðsverð:  
**23.900 kr. stgr.**  
(fullt verð: 28.900 kr.)

## SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is


## VEÐURSPÁ

**Soffía Sveinsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

**BREYTINGAR** Það þykkar upp N- og A-til í dag og kólnar heldur á landinu. Horfur á skúrum síðdegis inn til landsins S- og V-til. Á morgun má búast við rigningu NA- og A-lands en skúrum í öðrum landshlutum. Á miðvikudaginn kólnar enn frekar með eindreginni norðanátt.

Á MORGUN  
3-8 m/s,  
hvassara V-til.

MIÐVIKUDAGUR  
Eindregin  
N-átt víða.



### HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	22°
Berlín	16°
Billund	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	25°
London	14°
Mallorca	23°
New York	19°
Orlando	34°
Ósló	15°
París	15°
San Francisco	16°
Stokkholmur	15°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



GREYS

LOOP

HARDY  
ALNWICK | ENGLANDAbu  
Garcia  
FOR LIFE.™

# STANGVEIÐIDAGAR ELLINGSEN

Komdu og skoðaðu úrvalið af vönduðum stangveiðivörum frá HARDY, GRACE, LOOP og ABU GARCIA. Þar má nefna flugustangir, kaststangir, hjól, línur, flugur og vandaðan veiðifatnað auk ýmissa aukahluta sem geta komið sér vel í veiðiferðum sumarsins.



LOOP S1 NANO FLUGUSTÖNG  
9'6" fyrir línu 7

**95.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 119.990 KR.



LOOP BLACK LINE 590-3A  
FLUGUSTÖNG

**14.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 33.490 KR.



HARDY MARKS 2S 8 FLUGUSTÖNG  
Sérstaklega hönnuð með skotlínu í huga

**135.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 169.990 KR.



GREYS TVIHENDUR

FRÁ  
**37.990 KR.**



HARDY ULTRALITE 6000 DD  
EINHENDUHJÓL

**63.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 79.990 KR.




GREYS GX700 6/7/8 FLUGUHJÓL  
Aukaspólur

**27.992 KR.**  
FULLT VERÐ 34.990 KR.



PENN OVERSEA PRO SJÖSTÖNG  
30 punda, hólkur fylgir með

**15.195 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.



ABU ABUMATIC VEIÐISETT  
Barnasett

**3.192 KR.**  
FULLT VERÐ 3.990 KR.

HARDY EWS VÖÐLUJAKKI  
Vatnsheldur, 3ja laga og góð öndun

**47.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 59.990 KR.



GREYS G-SERIES VÖÐLUJAKKI  
Sérstyrktir olnbogar og axlir

**31.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.



HARDY EWS2 VÖÐLUR  
4ra laga vandaðar vöðlur

**79.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.



GREYS G-SERIES VÖÐLUR

**39.992 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



## KJÖRKASSINN



Sækir þú atburði sem tengjast sjómannaárinum?

JÁ	28,8%
NEI	71,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú íslenska lopapeysu?

Segðu þína skoðun á vísir.is



# Munur á afstöðu stuðningsmanna Ólafs og Þóru

**KÖNNUN** Helmingur kjósenda telur að afstaða frambjóðenda í komandi forsetakosningum skipti miklu máli við val á frambjóðanda samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 49,3 prósent málskotsréttinn hafa mjög eða frekar mikið vægi við val á frambjóðanda en 22,1 prósent sögðu hann hafa mjög eða frekar lítið vægi. Röskur fjórðungur kjósenda, um 28,6 prósent, sagði málskotsréttinn hvorki hafa mikið né lítið vægi við valið.

Í sömu könnun sögðust 56,4 pró-

sent ætla að kjósa Ólaf Ragnar Grímsson, 34,1 prósent Þóru Arnórsdóttur og um 9,5 prósent einhvern af hinum frambjóðendum.

Talsverður munur er á afstöðu þeirra sem nefna Ólaf og þeirra sem nefna Þóru þegar kemur að mikilvægi málskotsréttarins.

Þannig segjast 64 prósent af þeim sem segjast myndu kjósa Ólaf verði gengið til kosninga

nú að málskotsrétturinn skipti miklu, en 42 prósent kjósenda Þóru.

Þegar spurt var um stuðning við frambjóðendur sögðust um 27,5 prósent óákveðin. Um 39 prósent þessa hóps sagði málskotsréttinn hafa mikið vægi en um 20 prósent lítið vægi.

Könnunin var gerð dagana 30. og 31. maí. Hringt var í um 2.200 manns þar til náðist í 1.500. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hversu mikið vægi á skalanum 1-5 hefur afstaða frambjóðenda til málskotsréttarins á þitt val á forseta? Alls tóku 86,4 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

- bj

ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

## LÖGREGLUFRETTIR

## Óku fullir og dópaðir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók sjö ökumenn fyrir ölvun við akstur á laugardagskvöld og fram á sunnudagsmorgun. Þrír voru teknir fyrir að aka undir áhrifum vímuefna og einn fyrir akstur undir áhrifum áfengis og vímuefna.

## Með hnið á Vesturgötu

Ölvaður maður brá upp hnið á Vesturgötu snemma á sunnudagsmorgun. Lögregla var kölluð til og handtók manninn skömmu síðar. Sökum ölvunar gat maðurinn ekki gert grein fyrir athöfnum sínum og fékk að sofa úr sér í fangaklefanum.

## Skölluð á skemmtistað

Stúlka var skölluð í andlitið á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur á aðfaranótt sunnudags. Hún var flutt á slysadeild en ekki er vitað um meifösl hennar. Gerandinn er ófundinn.



GRAFARVOGSKIRKJA Skuldir safnaðarins nema nú tíföldum árstekjum hans og eru sextíu þúsund krónur á hvern íbúa í hverfinu sem greiðir sóknargjald.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Kirkjan í Grafarvogi skuldar 600 milljónir

Grafarvogskirkja er skuldugust allra kirkna með meira en 600 milljóna króna skuld. Yfir helmingur tekna fer í afborganir og vexti. Stöndum ekki nógu illa til að fá afskriftir, segir formaður sóknarnefndar um viðræður við lánardrottna.

**TRÚFÉLÖG** „Við borgum bara og borgum en lánin bara hækka,“ segir Bjarni Kr. Grímsson, formaður sóknarnefndar Grafarvogskirkju um ríflega 600 milljóna króna skuld safnaðarins.

Bjarni segir skuldina tilkomna vegna byggingar Grafarvogskirkju sem var vígd árið 2000. Um sé að ræða verðtryggt lán sem hækkað hafi um 150 milljónir króna eftir hrúnið 2008.

Bjarni undirstrikar að skuldir Grafarvogskirkju verði að setja í sambengi við að söfnuðurinn sé sá langfjölmennasti á landinu. Í sókninni séu yfir tuttugu þúsund manns þótt aðeins sextán ára og eldri greiði sóknargjöld. Það séu nálega ellefu þúsund einstaklingar.

Að sögn Bjarna námu árstekjur Grafarvogssafnaðar í fyrra rúmum 100 milljónum króna. Þar af segir hann sóknargjöldin vera um 90 milljónir. Meira en helm-

ingur af þessum tekjum, um 60 milljónir króna, fari til að greiða fjármagnsgjöld. Vegna þessarar erfiðu skuldastöðu fær söfnuðurinn nú 2,1 milljóna króna úthlutun frá Kirkjubýggingasjóði.

„Þetta fer að vefjast fyrir okkur þegar fjármagnsgjöldin eru rúmlega helmingur af tekjum sóknarinnar. Við höfum svo sem tjáð okkar lánardrottnum það en höfum hvorki fengið niðurfellingu skulda né annað,“ segir Bjarni sem þó kveður til umræðu að breyta lánarkjörum safnaðarins. Það sé þó erfitt að fá banka til viðræða. „Við stöndum ekki nógu illa. Við þyrftum að standa verr til að fá einhverjar afskriftir. Þetta er bara sama staða og hjá stórum hluta heimila landsins.“

Bjarni segir Grafarvogssöfnuðinn engin lán hafa tekið frá því í kring um aldamót. „Við höfum

alla tíð staðið í skilum, alltaf borgað af öllum lánnum en þau bara hækka og hækka. Ætli við höfum ekki fengið um 150 milljóna króna reikning í hruninu, gróflaga reiknað. Við myndum alveg vilja vera laus við það,“ segir Bjarni sem kveður sóknarnefndina hafa brugðist við með niðurskurði.

„Það er ekki bara það að skuldirnar hækkuðu heldur sá ríkið ástæðu til þess að krukka í sóknargjöldin. Þannig að við erum núna með sömu tekjum í krónutölu og við vorum með 2006. Það er því einfalt mál að við höfum skorið niður. Við erum bara með það sem snýst í kring um það nauðsynlegasta, eins og guðspjónustur og annað starf sem við getum mögulega haldið úti. Það eru allar skrautfjærir af okkur teknar,“ segir formaður sóknarnefndar Grafarvogskirkju.

gar@frettabladid.is

Dagþjónustu fyrir fatlaða hefur borist hjálp víða að í kjölfar skemmdarverka:

## Gefa dagþjónustu öryggiseftirlit

**SAMFÉLAG** Dagþjónustunni fyrir fatlaða við Gylfaflöt í Grafarvogi hefur borist aðstoð víða að úr samfélaginu í kjölfar fréttu um skemmdarverk í útivistargarði þjónustunnar.

„Síðustu tvö ár hefur verið svo rosalegur ágangur unglinga úr Grafarvogi um helgar,“ sagði Særún Sigurjónsdóttir yfirþroskaþjálfari í Fréttablaðinu á miðvikudag. Hún sagði starfsmenn og þjónustubega vera orðna langþreytta á ástandinu, en þegar þeir sneru til vinnu eftir helgi áttuðu þeir sig á að garðurinn var í rúst.

Dagþjónustunni hefur borist

fjöldi vilyrða um styrki og hjálp í vikunni. „Fólk hefur tekið við sér,“ segir Særún. „Við höfum fengið góð og snögg viðbrögð.“

Rúmfatalagerinn hefur gefið rólur, stólsessur og borð til að nota í garðinum. Þá hefur Öryggismiðstöðin ákveðið að gefa dagþjónustunni eftirlit endurgjaldslaust.

„Þessir tveir aðilar hafa hjálpað til og fleira gott fólk. Við þökkum alveg ofboðslega vel fyrir okkur.“

- bph

**TEKIÐ TIL** Særún Sigurjónsdóttir segir alla mjög þakkláta fyrir snögg viðbrögð samfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### KRYDDSMJÖR

tvær nýjar bragðtegundir!

NÝ BRAGÐTEGUND - SÍTRONA OG KARRI

NÝ BRAGÐTEGUND - BÉARNAISE



### UMBOÐSMAÐUR BARNNA

#### Málstofa um innleiðingu Barnasáttmálans

verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands þriðjudaginn 5. júní kl. 9:00 – 11:30

Íslenska ríkið hefur fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er því skuldbundið til að virða og uppfylla ákvæði hans. En hvernig er hægt að gera Barnasáttmálann að leiðarljósi í starfsemi og ákvörðunartöku hjá ríki og sveitarfélögum og hvað felur innleiðing í sér?

Til að leita svara við þessum spurningum býður umboðsmaður barna til málstofu um innleiðingu Barnasáttmálans á Norðurlöndunum. Þar munu umboðsmenn barna í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk sérfræðings Barnaráðsins í Danmörku og talsmanns barna í Grænlandi greina frá reynslu sinni varðandi innleiðingu sáttmálans. Dagskrá málstofunnar er að finna á [www.barn.is](http://www.barn.is). Málstofan er opin öllum og fer fram á ensku og norrænum tungumálum.

Aðgangur er ókeypis en tilkynna þarf þátttöku á netfangið [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) eða í síma 552 8999.



# Fríið er framundan


**1ár**

 Lágmarks-  
ábyrgðartími

**%**

Lánshlutfall

**5,2**  
líttrar

 Eldsneytiseyðsla í  
blönduðum akstri

**CO<sub>2</sub>**  
120g

 Útblástur  
CO<sub>2</sub> gr.

**P**

 Umhverfisvænn bíll  
Frítt í stæði í Rvk.

## Nú á betra verði

RAV4 er kraftmikill, sparneytinn og sportlegur ferðafélagi jafnt í borg sem til fjalla. Nú bjóðum við nokkur eintök af RAV4 árgerð 2011 á betra verði og þú færð að auki 5 nætur í tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði á hvaða Fosshóтели sem er.


**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g

### Toyota RAV4 X

2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 29.000 km  
Verð: 5.250.000 kr. Raðnr. 998115\*  
Betra verð: 4.830.000 kr.


**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g

### Toyota RAV4 X

2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 20.000 km  
Verð: 5.420.000 kr. Raðnr. 998099\*  
Betra verð: 4.990.000 kr.


**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g


### Toyota RAV4 X

2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 20.000 km  
Verð: 5.420.000 kr. Raðnr. 998355\*  
Betra verð: 4.990.000 kr.

\*Farðu á [www.toyotakopavogi.is](http://www.toyotakopavogi.is) og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**ergo**

Reiknaðu með okkur

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

**Betri notaðir bílar** **TOYOTA**





1. Hvað heitir listamaðurinn sem vill að verkið Svarta keilan verði staðsett á Austurvelli?
2. Hversu margar tilnefningar til Grímuverðlaunanna hlaut leiksýningin Afmælisveislan?
3. Hvaða knattspyrnumaður spilaði með brotna tónn á fimmtudag?

SVÖR:  
uossjx  
1. Santiago Sierra. 2. Sjó. 3. Úlfar Hrafn



AKSTUR Umferðin hefur aukist mest á Austurlandi, um 13,2 prósent, en minnst á höfuðborgarsvæðinu, um 0,3 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umferð aukist 3 mánuði af 5:

## Aukningin 1,3 prósent í maí

**SAMGÖNGUR** Umferð um landið jókst um 1,3 prósent í nýliðnum maímánuði samanborið við sama mánuð í fyrra, samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Það er mesta aukningin milli mánaða á árinu.

Umferðin hefur nú aukist í þrjú mánuði af þeim fimm sem liðnir eru af árinu, en hefur engu að síður dregist saman um eitt prósent frá sama tímabili í fyrra. Það skýrist einkum af verulegum samdrætti í janúar.

Vegagerðin spáir því nú að umferðin á árinu dragist saman um þrjú prósent og verði svipuð og hún var árið 2005.

- bj

## REYKJAVÍK

### Mengun innan marka

Mælingar á saurgerlum við strendur Reykjavíkur sýna að magnið er innan marka reglugerðar í apríl og maí. Helstu uppsprettur mengunar eru af völdum yfirfalla dælustöðva, rangra tenginga skólplagna, losun skólps frá skipum og vegna fugla og dýra samkvæmt vef borgarinnar.

Íslenskur fornleifafraeðingur á leið til Grænlands:

# 1000 ára gamall ruslahaugur grafinn upp

**VÍSINDI** Fornleifafraeðingar frá Fornleifastofnun Íslands munu taka þátt í uppgreftri á Görðum á Grænlandi í júlí og ágúst. Rústasvæðið kom í ljós árið 2005 þegar unnið var að framræslu votlendis skammt frá. Vegna framræslunnar hefur mýrin þornað upp og er varðveisluleifanna því hætta búin.

„Við verðum fjögur frá Íslandi en þetta verður um 10 manna lið sem mun vinna við uppgroftinn, bæði bandarískir samstarfsmenn og aðrir frá Þjóðminjasafninu í Nuuk“, segir Orri Vésteinsson fornleifafraeðingur og prófessor við Háskóla Íslands, en hann mun stjórna uppgreftrin-

um. Hann segir uppgroftinn mikilvægur til að varpa ljósi á líf hinna fornu Grænlendinga:

„Við vitum að þarna viðist vera mikið af vel varðveittum gripum og dýrabeinum“, segir Orri. Um er að ræða ruslahaug sem lent hefur úti í mýri og inniheldur muni sem taldir eru vera frá árunum 983-1450.

„Menn hafa mestan áhuga á að vita hvers konar efnahagur var rekinn þarna í ljósi þess að byggðin lagðist af, en hún lagðist í eyði á fimmtánda öld. Það er ekki ennþá vitað nákvæmlega af hverju, þannig að þetta er svolítil leyndardómur.“

- ktg



GRÆNLAND Rústir frá tímum norrænna manna á Görðum á Grænlandi.

# Vistvænar byggingar ryðja sér til rúms hér á landi

Huga þarf betur að byggingarefni og hönnun til að þær uppfylli kröfur um vistvænar byggingar. Fyrirsjáanlegar eru breytingar í takt við Evrópureglugerðir. Nýr skóli í Mosfellsbæ verður vistvæn bygging.

## FRÉTTASKÝRING

Hvað eru vistvænar byggingar?

Vistbyggðaráð var stofnað í febrúar 2010 af 32 fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Tilgangur þess er að vera vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.



SIGRÍÐUR BJÖRK JÓNSDÓTTIR

Meðal markmiða Vistbyggðaráðs er að skilgreina „íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi,“ eins og segir á heimasíðu ráðsins.

Með vistvænni byggð er átt við að skaðleg áhrif bygginga og mannvirkja séu lágmarkuð eins og hægt er. Alþjóðlegir staðlar gera kröfur í þessum efnunum og ljóst er að þeir munu hafa áhrif á íslenskan byggingamarkað.

Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra Vistbyggðaráðs, segir alþjóðlegt vottunarkerfi


fyrir byggingar hafa verið að þróast undanfarnir ár. Þar sé meðal annars að finna ákvæði um byggingarefni; timbur verði að vera upprunavottað, efni megi ekki innihalda eitrefni og ekki vera of rokgjörn. Þá sé æskilegt að byggingarefni eigi uppruna sinn sem næst byggingarstað, en sé ekki flutt um langan veg.

„Það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum munum við finna fyrir auknum kröfum. Við sjáum að við þurfum að nota Evrópustaðla þar sem eru gerðar mun meiri kröfur en við þekkjum hér. Þetta sjáum við til dæmis í nýrri byggingareglugerð um förgun og meðhöndlun efna á byggingarstað, en þar eru gerðar mun meiri kröfur en áður í þeim efnunum.“

Ráðstefna um vistvænar byggingar var haldin í gær, með aðkomu aðila á byggingarmarkaði. Sigríður segir galla að ónógt framboð sé á vistvænum byggingarefnum hér á landi og að ákveðin endurmenntun þurfi að eiga sér stað í geiranum.

„Maður getur ímyndað sér að byggingarverktakar og framkvæmdaaðilar þurfi að setja sér ákveðna umhverfisstefnu. Gerð er krafa um hlutfall endurnýtingar á byggingarefni og byggingarstaðurinn þarf að uppfylla ýmis skilyrði, svo eitthvað sé nefnt.“

kolbeinn@frettabladid.is



VISTVÆNN SKÓLI Vistvæn hugmyndafræði var í hávegum höfð við hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Efni eru sérvalin og sólarljós nýtt til orkusparnaðar.

## Vistvænn skóli í Mosfellsbæ

Hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ tók mið af hugmyndum um vistvæna byggð. Aðalheiður Atladóttir, arkitekt hjá a2f arkitektum, segir að frá upphafi hafi verið lögð áhersla á hugmyndafræðina, ekki síst þar sem skólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi. Ákveðið var að stefna að því að fá alþjóðlega vottun á skólann, svokallað Breeam-vottun, en það er breskt vottunarkerfi um vistvæna byggð og skipulag.

„Við vildum gefa náttúrunni eitthvað til baka og því kom fljótlega fram hugmynd um gróðurþak á bygginguna. Fyrir vikið kemur um helmingi minna regnvatn af húsinu og álag á fráveitukerfið minnkar. Þá skiptir lögunin á byggingunni máli. Tvær álmur liggja frá norðri til suðurs og við gættum þess að hafa enga suðurglugga í kennslustofum. Í miðryminu eru hins vegar suðurgluggar og sólin hitar það rými, en það sparar orkukostnað. Þá má nefna hjólastæði og ýmislegt annað sem krafist er í vottunarkerfinu.“

www.volkswagen.is



Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.



Atvinnubílar

Caddy\* kostar aðeins frá  
**2.990.000 kr.**  
(kr. 2.382.470 án vsk)

\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



HEKLA



# TÖFRAR FRÁ MEXÍKÓ



LEYNIVORNID



TEX MEX  
Santa Maria

BONUS HAGKAUP



Facebook í yfirtökuhugleiðingum eftir hlutafjárútböð sitt:

# Facebook skoðar kaup á Opera

**VIÐSKIPTI** Verð hlutabréfa í norska vafráframleiðandanum Opera rauk upp í kjölfar þess að tæknivefsíðan Pocket-Lint greindi frá því að Facebook hefði áhuga á að kaupa fyrirtækið.

Fyrirtækið Opera Software var stofnað af hinum íslenskættaða Jóni S. Von Tetzchner árið 1994. Hann gegndi lengst af stöðu forstjóra en lét af störfum hjá fyrirtækinu á síðasta ári. Riflega 200 milljónir manna nota Opera-vafrann.

Kaup á Opera gætu styrkt stöðu Facebook hjá snjallsímanotendum en farsímavafri Opera er sá vinsæl-

asti í heimi. Þá gæti Facebook gert samfélagsmiðilinn að innbyggðum hluta í vafranum.

Það hefur verið skammt stórra högga á milli hjá Facebook síðustu vikur. Fyrirtækið var til að mynda skráð á hlutabréfamarkað fyrir tæpum tveimur vikum þar sem það var verðlagt á rúma 100 milljarða Bandaríkjadala. Síðan hefur hlutabréfaverðið reyndar fallið talsvert og útbodið almennt talið hafa valdið vonbrigðum. Þá keypti Facebook í apríl fyrirtækið að baki ljósmyndadeiliforritinu vinsæla Instagram á einn milljarð Bandaríkjadala. - mþl



**MARK ZUCKERBERG** Zuckerberg hóf vinnu við Facebook meðan hann var nemandi í Harvard-háskóla árið 2003.

NORDICPHOTOS/AFP

Erfiðleikar foreldra hafa áhrif:

## Fimm ára börn orðin þunglynd

**HEILSA** Börn allt niður í fimm ára hafa greinst með þunglyndi í Bretlandi og hafa fengið meðferð við sjúkdómnum. Sérfræðingar segja atvinnuleysi, fjárhagsvanda og fíkniefnaneyslu foreldra geta valdið auknu álagi á börnin, samkvæmt frétt BBC.

Rannsóknir í Bretlandi sýna að eitt af hverjum tíu börnum á aldrinum fimm til sextán ára glímur við greinanlegan geðsjúkdóm. Helmingur fullorðinna með geðsjúkdóm fundu fyrir sjúkdómnum áður en þeir urðu 14 ára. - bj



**FÁNAR Í LONDON** Um helgina hófst fjögurra daga hátíð í Bretlandi. Tílefni hátíðarinnar er að Elísabet drottning hefur verið drottning í sextíu ár.

NORDICPHOTOS/AFP



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÞAÐ ÞARF FÓLK  
TIL AÐ VÍSA VEGGINN

## LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

STAÐNÁM – FJARNÁM

UMSÓKNARFRESTUR TIL 4. JÚNÍ

Nánari upplýsingar: sími 525 4444 endurmenntun.is

Dræm þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi um fjármálasáttmála ESB:

## Írar samþykktu sáttmálann

**ÍRLAND** Um það bil 60 prósent kjósenda á Írlandi samþykktu á fimmtudag aðild að fjárlagabandalagi evruríkjanna, sem á að draga úr líkunum á því að alvarleg skuldakreppa komi upp meðal evruríkjanna í framtíðinni.

Kosningaþátttaka var um 50 prósent.

Hefðu Írar hafnað aðild hefðu þeir ekki átt rétt á frekari lánum úr neyðarsjóði Evrópusambandsins eftir að umsamar greiðslur stöðvast í árslok 2013. Framvegis eiga nefnilega eingöngu þau lönd sem eru aðilar að fjármálabandalaginu rétt á greiðslum úr sjóðnum.

Öll aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildu Bretlandi og Tékklandi, undirrituðu fjárlagasáttmálann í byrjun mars. Hann tekur gildi í byrjun næsta árs ef tólf af sautján aðildarríkjunum evrusvæðisins hafa staðfest hann.

Írland er eina ríkið sem ákvað að halda þjóðaratkvæðagreiðslu áður en sáttmálinn verður staðfestur, enda er ákvæði þess efnis í stjórnarskrá Írlands að alla alþjóðasáttmála verði að bera undir þjóðina í atkvæðagreiðslu.

- gb

**ATKVÆÐI GREIDD** Írar eru eina þjóðin sem greiðir atkvæði um fjármálabandalagið.

NORDICPHOTOS/AFP



## OLÍA Á DREKASVÆÐINU

Arion banki býður til morgunverðarfundar í Borgartúni 19, fimmtudaginn 7. júní kl. 8.30.

Dagskrá:

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ávarpar fundinn

Is there any oil to be found in the Dreki Area?

Þórarinn Sveinn Arnarsson, verkefnastjóri olíuleitar, Orkustofnun

Economic impact if there is oil to be found in the Dreki Area  
Thina Margrethe Saltvedt, aðalgreinandi olíuáætlunar hjá Nordea Markets

How best to handle the oil wealth – Norway's experience  
Per Mathis Kongsrud, aðstoðardeildarstjóri í norska fjármálaráðuneytinu

Fundarstjóri er Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka.

Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Áætluð fundarlök eru kl. 10.30.

Fundurinn fer fram á ensku.

Skráning á [arionbanki.is/oliuradstefna](http://arionbanki.is/oliuradstefna)

 Arion banki



Bændur verða fyrir tjóni:

## Hreindýr eyðileggja skógrækt

**LANDBÚNAÐUR** Hópur hreindýra í Breiðdal hefur eyðilegt skógrækt, nagað nýgræðing í túnum og rutt niður girðingum. RÚV greinir frá þessu.

Bóndinn á bænum Fagradal hefur ræktað skóg í 15 ár og nú er ljóst að hreindýrin hafa eyðilegt um 200 tré.

Á Hlíðarenda hafa bændur lagt mikla vinnu í nýrækt en dýrin hafa étíð nýgræðinginn og það seinkar uppskeru. Auk þessa hafa dýrin eyðilegt girðingar á stóru svæði.



**BROTLENTI** Boeing 727 flutningavélin brotlenti við alþjóðaflugvöllinn í Akkra í Gana og skall á rútu á nærliggjandi vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pota brotlenti á rútu í Gana:

## Tíu látnir á jörðu niðri

**GANA, AP** Tíu fórust þegar pota brotlenti skammt frá flugvöllinum í höfuðborginni Akkra í Gana á laugardag. Þotan endaði á vegi skammt frá flugvöllinum og skall á lítilli rútu. Níu hinna látnu voru um borð í rúttunni og einn var á vélhjól.

Fjórir áhafnarmeðlimir voru um borð í þotunni, Boeing 727 flutningavél. Þeir komust allir lífs af en slösuðust eitthvað í slysinu.

Rannsókn er hafin á tildrögum þess að þotan brotlenti en flugmálayfirvöld segjast strax geta útilokað að bilun í búnaði alþjóðaflugvallarins í Akkra hafi orsakað slysið. - bj

Ódæði fjölskylduföður:

## Dæmdur fyrir að myrða tvær dætur sínar

**DANMÖRK** Karlmaður frá Jótlandi var í gær dæmdur til ævilangrar fangelsisvistar í Þýskalandi fyrir að hafa myrt tvær dætur sínar í fyrrasumar.

Maðurinn byrjaði stúlkunum, sem voru níu og ellefu ára, svefnlyf og kveikti svo í bíl þar sem þær sváfu. Ódæðið framdi hann í skóglendi í Norður-Þýskalandi.

Faðirinn brenndist illa og bar í fyrstu við að um slys hafi verið að ræða. Við rannsókn fannst svefnlyfið í stúlkunum og játaði hann þá. Hann sagðist hafa ætlað að svipta sig lífi og taka dætur sínar með sér í dauðann. Hann guggnaði þó og stökk út úr bílnum og skildi stúlkurnar eftir. - þj

Tillögur um refsingar:

## Færri munu fara í fangelsi

**SVÍÞJÓÐ** Fangelsisdómur, sem er styttri en eitt ár, á alltaf að vera skilorðsbundinn hafi hinn ákærði ekki verið dæmdur áður. Þetta er ein af tillögnum í nefndaráli sem afhent var dómsmálaráðherra Svíþjóðar, Beatrice Ask, í gær.

Talið er að færri sem dæmdir eru fyrir grófan ölvunarakstur, meinsæri, viss ofbeldisbrot, þar á meðal viss kynferðisbrot, skattalagabrot og fíkniefnabrot lenti í fangelsi verði tillögurnar að lögum.

Meðferð, sektir, stofufangelsi og samfélagsþjónusta eiga að koma í stað fangelsisvistar. - ibs

40 prósent landsmanna eru á móti þráðlausu neti í flugvélum samkvæmt könnun:

## Þráðlaust internet í flugvélum Icelandair

**FERDALÖG** Icelandair undirritaði nýverið samning við bandaríska tæknifyrirtækið Row 44 um uppsetningu á þráðlausu Interneti í flugflota Icelandair. Farþegar í vélunum munu því geta notað eigin tölvubúnað til að tengjast netinu. Gert er ráð fyrir að vinnu við þetta verði lokið haustið 2013.

Þá býður norska lággjaldflugfélagið Norwegian upp á ókeypis nettengingu í flugi sínu milli Íslands og Noregs í sumar. Bandaríska flugfélagið Delta býður einnig upp á þráðlaust net um borð og ættu farþegar á leið til New York að kom-

ast á netið. Þó verður það takmarkað við flug yfir Bandaríkjunum og aðgangurinn kostar 12 dollara, eða um 1.500 krónur.

Þó virðist sem meirihluti þjóðarinnar vilji ekki hafa nettengingar í flugvélum, samkvæmt nýrri könnun sem birt er á vef Fararheilla.

Um 40 prósent aðspurðra eru mikið á móti slíkum tengingum, en sama hlutfall er hvorki með né á móti. Um 23 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni vilja hafa þjónustuna um borð í millilandaflugi. Greint frá niðurstöðunum á vef Túrasta. - sv



**Á VELLINUM** Búist er við því að flugvélar Icelandair verði nettengdar í lok hausts 2013.

75 | ÁR Á FLUGI

HÓPFERÐIR

## HEILL HEIMUR FYRIR ÞÁ SEM LANGAR TIL AÐ SKEMMTA SÉR SAMAN



### Árshátíð, haustferð, stórafmæli?

Njótíð þess að ferðast saman og vera til. Icelandair býður hópferðir til fjölmargra áfangastaða austan hafs og vestan, ferðir sníðnar að þörfum fólks í góðra vina hópi sem eiga örugglega eftir að hressa upp á tilveruna.

### Hafið samband við hópadeild Icelandair

Skipuleggið ferðina tímanlega. Við getum séð um að bóka flug, hótél, rútur, skoðunarferðir og kvöldverði. Leitið tilboða með því að fylla út fyrirspurnarformið á [icelandair.is/hopar](http://icelandair.is/hopar).\*

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða á [hopar@icelandair.is](mailto:hopar@icelandair.is)

\* Hópur miðaðst við að 10 eða fleiri ferðist saman.

**ICELANDAIR** 



Verður Huang ekki að hlíta sömu lögum og aðrir?

## Ekki bugast af vanmetakennd

Margt hefur verið talað og ritað um áform kínverska kaupsyslumannsins Huangs Nubo um rekstur ferðaþjónustu á Grímsstöðum á Fjöllum, ekki allt skynsamlegt og margt býsna langsótt. Af málflutningi margra mætti ætla að leggja ætti stóran hluta landsins undir kínversk yfirráð, að Huang ætli sér að einoka vatnsréttindi og fleiri hlunnindi á landareigninni, að fyrirhugaðar hótélbyggingar hans séu herbúðir í dulargervi og verkefnið undirbúningur fyrir valdatöku hins austræna stórveldis á Íslandi.

Huang er kaupsyslumadur, einn hundraða þúsunda Kínverja sem hafa efnast vegna aukins frjálsræðis í efnahagsmálum í Kína. Þótt full ástæða sé til að íslensk stjórnvöld hafi varann á sér hvað varðar langtímaáform stjórnvalda í Kína á norðurslóðum, hlýtur að eiga að umgangast fjárfestinn Huang Nubo rétt eins og aðra fjárfesta, sem hafa góðar hugmyndir um hvernig megi efla viðskipti og atvinnulíf á Íslandi.

Ari Teitsson, bóndi á Hrísum í Þingeyjarsýslu, skrifaði skynsamlega grein um uppbyggingaráformin á Grímsstöðum í helgarblað Fréttablaðsins. Þar segir hann meðal annars:

„Er veruleg áhætta fólgin í því að Kínverjar nái yfirráðum yfir stóru landssvæði á hálendinu, jafnvel þótt um langtímaleigu, en ekki eignarhald, sé að ræða?

Yfirráðaréttur yfir landi á að vera takmarkaður, landið á að nýtast þjóðfélagsþegnum þess á komandi öldum, því er í gildi fjölbætt löggjöf sem ætlað er að tryggja sjálfbæra nýtingu landsins í þágu þjóðarinnar. Ef löggjöfin nær ekki þessu markmiði er áhætta samfara einkayfirráðum yfir landi ekki bundin við yfirráð erlendra aðila, jafnvel Íslendingar gætu misnotað stöðu sína.

Sú spurning hefur vaknað hvort Grímsstaðaverkefnið sé aðeins eitt skref erlends viðskiptajöfurs til að auðvelda aðgengi að öðrum og stærri viðskiptatækifærum, s.s. olíuleit og -vinnslu á Dreka-svæðinu eða viðskiptum tengdum flutningum á Norður-Íshafinu. Þjóðin verður að treysta því að við munum sem fyrr ráða för innan okkar lögsögu. Líta ætti á það sem fagnaðarefni að aðilar sem starfa utan íslenskrar lögsögu séu tilbúnir að lúta henni, hafa hér bækistöðvar og beina hingað fjármunum.“

Þetta er allt rétt hjá Ara. Eins og í öðrum ríkjum setur löggjafinn á Íslandi eigendum eða leigjendum lands reglur um það hvernig þeir geta nýtt eignirnar, hvað megi byggja og hvernig, hvaða kröfur séu gerðar um umgengni við umhverfið, hver réttur almennings sé gagnvart för um landið, nýtingu auðlinda og þar fram eftir götum.

Við hljótum að verða að treysta hinu innlenda regluverki. Ef við teljum að gloppur séu í því, þarf að stoppa í þær með breytingum á löggjöf. En við hljótum jafnframt að gera ráð fyrir að erlendir fjárfestar fari að innlendum lögum og séu góðir þjóðfélagsþegar, rétt eins og íslenskir fjárfestar í Kína, Evrópuríkjunum eða hvar annars staðar sem þeir sjá tækifæri. Vantrú á því að okkar eigið regluverk dugi er til marks um minnimáttar- og vanmetakennd. Hana eigum við allra sízt að láta buga okkur á öld alþjóðavæðingar.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Heimilis  
**GRJÓNAGRAUTUR**

Alveg mátulegur

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sjómenn í forgrunni

Steingrímur J. Sigfússon ráðherra sjávarútvegsmála átti ágætis spretti í sjómanna dagsávarpi sínu í gær. Steingrímur ákvað að sneiða alfarið hjá því að sneiða að LíÚ, en fjallaði þess í stað um menn dagsins, íslenska sjómenn. Það var rétt ákvörðun, enda nóg karpað um þau álitæfni á öðrum vettvangi.

#### Framtíðarmúsík

Steingrímur fór hins vegar í gervi pólitikussins þegar hann minntist á afnám sjómannaafsláttarins. Hann sagðist ekki hafa

haft neina gleði af þeim gjörningi, en það hefði verið nauðsynlegt skref til að rétta af ríkissjóð. Hins vegar opn- aði Steingrímur á að í náinni framtíð, við réttar aðstæður, væri hægt að „taka tillit til sérstöðu sjómanna- starfsins í skattalegu tilliti“, hvernig svo sem það yrði útfært. Þar voru loðin orð án skuldbindinga.

#### Skjótum sendiboð- ann

Andrea Ólafsdóttir forseta- frambjóðandi vændi Fréttablaðið um að fara með ósannindi í

frétt um fylgi frambjóðenda. Andrea sagði ekki rétt að segja að Ólafur Ragnar Grímsson hlyti 56% atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú. Tæp 30% væru óákveðin og „ómögulegt að segja til um hvert það fylgi leitar“. Raunar er það ekki eins ómögulegt og hún heldur, því að flestar rann- sóknir sýna að fylgi óákveðinna í skoðanakönnunum skiptist í svipuðum hlutföllum niður á valkosti. Þess vegna eru kann- anir nokkuð nærri lagi. Betra væri að einbeita sér að því að auka sitt fylgi en að skjóta sendiboðann.

thorgils@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Virða skal börn!

#### Réttindi barna



Margrét María Sigurðardóttir ombudsmaður barna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sakir. Enginn alþjóðlegur samningur hefur notið viðlíka stuðnings. Sáttmálinn boðar byltingarkennda sýn á réttindi og stöðu barna í samfélaginu en einkunn- arorð sáttmálans eru vernd, umönn- un og þátttaka. Börn eru samkvæmt Barnasáttmálanum virkir þátttakend- ur í samfélaginu og eiga einstaklings- bundin réttindi, óháð réttindum fullorö- inna. Börn hafa rétt á að tjá sig um mál er þau varða og allir sem bera ábyrgð á þeim eiga að hlusta á þau og taka tillit til þeirra eftir aldri og þroska.

Mikill velvilji hefur komið fram hjá íslenskum stjórnvöldum hvað réttindi barna varðar. Sem dæmi má nefna að í mars 2009 var samþykkt þingsályktun um að lögfesta hann og hefur frumvarp þessa efnis verið birt. Málið hefur þó tafist vegna fyrirvara íslenska ríkisins við c. líð 37. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um aðskilnað barna frá fullorðnum í fangelsi. Ítrekað hefur verið skorað á íslenska ríkið að aflétta þessum fyrirvara. Norska ríkið er með samskonar fyrirvara við grein- ina en þrátt fyrir það hefur sáttmálinn

verið lögfestur þar í landi. Umboðsmaður barna hvetur því stjórnvöld til að lögfesta Barnasáttmálan.

En þrátt fyrir að enn sé ekki búið að lögfesta sáttmálan mættum við gera miklu betur í því að innleiða hann þann- ig að hann verði virkt tæki í allri vinnu með börnum og við ákvarðanatöku sem varðar börn, bæði hjá ríki og sveitar- félögum. Til að svo verði þarf að stór- auka fræðslu um sáttmálan og þann hugsunarhátt sem hann boðar þannig að þeir sem bera ábyrgð á börnum á einn eða annan hátt sjái tengingu milli starfs síns, uppeldislutverksins og réttinda barna. Málefni barna snerta öll svið samfélagsins; heilbrigðismál, mennta- mál, skipulagsmál, umhverfismál, fjár- mál, markaðsmál, atvinnumál og margt fleira.

Umboðsmaður barna telur að við getum lært mikið um innleiðingu Barna- sáttmálans af nágrönnum okkar á Norðurlöndunum. Á morgun, þriðjudag, verður haldin málstofa þar sem fulltrúar norræna sýsturflokkanna umboðsmanns munu ræða innleiðingu sáttmálans í sínum löndum. Sjá nánar á www.barn.is.



# Valið vald

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
riðhöfundur

Svolítið einkennilegt að vera að kjósa þjóðhöfðingja og þurfa einhvern veginn um leið að taka ákvörðun um það í leiðinni hvert valdsvið hans verði, vegna þess að hann eigi eftir að ráða því sjálfur. Okkar blessaða lýðveldi er stundum eins og spunnið áfram frá degi til dags.

Frambjóðendurnir Ari Trausti, Herdís, Hannes og Þóra virðast hvert með sínu móti aðhyllast þingræðið og hafa hófstillta afstöðu til embættisins, telja að það skuli ekki hlutast til um dagleg störf þingsins og ekki beita svokölluðum mál-skotsrétti nema í ýtrustu neyð. Afstaða Andreu til embættisins er sú að halda þjóðfund um málið – og beita embættinu til að laga skuldastöðu „heimilanna“. Ólafur Ragnar virðist hafa í hyggju að gera embættið að enn frekara valdamótvegi við þingið en hann hefur þegar gert. Hann hyggst nýta sér enn frekar hið beina samband embættisins við vilja meirihluta landsmanna sem fæst með málskotsréttinum – og vera þannig þjóðarviljinn holdi klæddur – sér það eitt mæla gegn því að hann leggi fram frumvörp sjálfur að ólíklegt sé að þingið taki það til meðferðar. Og virðist til í frekari þjóðaratkvæðagreiðslur um óvinsæl mál. Hann telur líka að þjóðin færi honum umboð til sjálfstæðrar utanríkisstefnu sem lýsir sér í opinberum fjandskap við lýðræðisþjóðir Evrópu en stuðningi að sama skapi við kommúnistastjórnina í Kína.

Ólafur Ragnar aðhyllist vissulega fulltrúalýðræði – í eintölu – fulltrúinn sé hann sjálfur.

## Þingræðið

Gott og vel. Um þetta stendur þá meðal annars valið. Líka auðvitað hitt: hvernig okkur líkar viðkomandi manneskja. Hvort okkur finnst embættið eiga að vera sameiningartákn eða sundrunarafi. Hvort við aðhyllumst átakamenningu þar sem meirihlutinn hefur sitt fram á kostnað minnihlutans eða sáttahyggju þar sem ólíkir þjóðfélagshópar finna sameiginlegan grundvöll sinn og reyna að

tala saman þar og hvort forsetinn leitist við að leiða það samt, leiða fólk saman eða magni rifrildið.

Vandinn er ekki síst til kominn af því að þingið nýtur sífellt minni virðingar, einkum út af því þrotlausa þvaðri sem þar vellur markvisst upp úr fólki til að þvælast fyrir og þreyta þann meirihluta sem kosinn var í síðustu kosningum (gleymist stundum að Steingrímur J. og Oddný, Björn Valur og fleiri koma einmitt úr sjávarútvegs-kjördæmum með fullt umboð þaðan til breytinga á sjávarútvegsstefnunni); Íslendingar hafa í of ríku mæli litið á þingmennina sína sem skaffara gæða og ýmsir af óskammfeilnustu ræðumönnum Alþingis eru einmitt kunnir fyrir að greiða kjósendum sínum leiðina í ríkiskassann. Slíkt er ekki til þess fallið að afla þinginu virðingar.

Leiðin til að takast á við þann vanda er að efla þingið – ekki að veikja það. Ekkert fyrirkomulag sem fram hefur komið hefur enn reynst betur en þingræði. Þar framseljum við kjósendur vald okkar til einstaklinga sem við treystum til að setja sig vel inn í mál og hafa að leiðarljósi lífssýn og hugsjónir sem við aðhyllumst; síðan eiga þeir að taka ákvarðanir sem þjóna best almannaheill. Það geta stundum verið ákvarðanir sem okkur langar ekki að séu teknar, en vitum innst inni að þarf að taka – ákvarðanir um skattheimtu eða niðurskurð, svo dæmi sé tekið.

## Bara punt og pjatt?

Við höfum heyrt talað í hálfgerðum hnutstóni um að forsetaembættið hafi forðum verið þar upp á punt og áhrifalaust með öllu. Var þá Kristján Eldjárn bara upp á punt? Og Vigdís – var hún bara puntudúkka?

Í hverju felast völd? Hvernig koma fram áhrif? Max Weber talaði um þrens konar vald: Hefðarvald, regluvald og náðarvald. Hefðarvaldið verður til þegar það flyst milli kynslóða, foringi af því tagi fylgir þá venjum fyrirrennara sinna en gæti átt það til að láta geðþótta og dynti ráða gerðum sínum. Regluvald er grundvallað á ströngu formi, farið er eftir lagabókstaf um það hvernig foringinn skuli haga sér. Valdið í lýðræðisríkjum í kringum okkur birtist með þessum hætti og sennilega hefur það verið ætlunin upphaf-



Ekkert fyrirkomulag sem fram hefur komið hefur enn reynst betur en þingræði. Þar framseljum við kjósendur vald okkar til einstaklinga sem við treystum til að setja sig vel inn í mál og hafa að leiðarljósi lífssýn og hugsjónir sem við aðhyllumst; síðan eiga þeir að taka ákvarðanir sem þjóna best almannaheill.

lega með forsetaembættinu að það skyldi birtast sem regluvald. Og loks er það náðarvald: það er bundið tilteknum einstaklingi og vakið af hrifningu fólks á viðkomandi, þeim hugsjónum sem viðkomandi hefur, þeirri áru sem umlykur viðkomandi, fordæmið, leiðarljósið, manns-

hugsjónina. Vigdís (og að sínu leyti Kristján líka), hafði til að bera slíkt náðarvald um leið og hún gætti þess að fara að öllum reglum sem móttast höfðu um embætti forsetans af ákveðinni formfestu, og gerði embættið þar með að kjölfestu í stjórnskipaninni sem þetta unga lýð-

veldi þurfti á að halda.

Hún vakti athygli víða um lönd með framgöngu sinni og raunar einskærri viðveru í þessu þjóðkjörna embætti. Hún varð konum fyrirmynd um að þær ættu líka erindi í æðstu virðingarstöður samfélagsins, ekki bara sem makar. Hún blés konum víða um heim í brjóst baráttuanda og sjálfstrausti. Hér heima gróðursetti hún tré og margir töluðu af fyrirlitningu um þann fallega og skáldlega sið, að skilja eftir sig hvar sem maður kæmi eitthvað sem gæti vaxið og orðið að skjóli. Hvað er vald, ef ekki það?

Við erum því ekki að velja annaðhvort vald eða valdaleysi í komandi kosningum. Við erum að velja hvers konar vald okkur finnst við hæfi í þessu embætti.

## Tilkynning



Við erum flutt í nýja augnlækninga- og laserstöð á 2. hæð í nýja Glæsibæ, Vesturhúsi.



Dr. Med. Jóhannes Kári Kristinsson  
Sérfræðingur í hornhimnulækningum og sjónlagslækningum með laser



María Aldís Kristinsdóttir  
Hjúkrunarfræðingur

**AUGLJÓS**  
LASER AUGNLÆKNINGAR

S. 414 7000 · Glæsibær / Vesturhús, 2. hæð · 104 Reykjavík · [www.augljós.is](http://www.augljós.is)



**23% FLEIRI GESTIR**  
FISKMARKAÐURINN

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Fiskmarkaðurinn er dæmi um fyrirtæki sem náði góðum árangri árið 2011. Gestum veitingahússins fjölgaði um 23% milli ára.

Arion banki fagnar þessum góða árangri.

 Arion banki

JÁKVÆÐ MERKI  
ÚR ATVINNULÍFINU



# Fantasíur

Bókmenntir

**Hildur Sverrisdóttir**  
Lögmaður og áhugakona um fantasíur



form svo að konur geti notið þeirra.

Fantasíurnar sem berast eru fyrstu skrefin í átt að bókinni en alls ekki þau síðustu. Mörg for-dæmi eru fyrir verkefnum og bókum þar sem fólk af fúsum og frjálsum vilja, nafnlaust eða ekki, deilir sögum, spurningum, leyndarmálum eða hugmyndum sem fara svo í frekari vinnslu. Þessi aðferð hefur virkað vel í hinum ýmsu verkefnum hingað til og var því tekin til fyrir-myndar. Að taka þetta tiltekna verkefni fyrir, án þess að gagn-rýna jafnframt þau verkefni sem unnin hafa verið eins, stenst ekki sanngjarna skoðun.

Bókin er gerð með konur í huga, líkt og aðrar svipaðar bækur sem hafa verið gefnar út í einkaframtaki án athugasemda. Tilgangurinn er að hún efli og skemmti konum. Markmiðið er að fagna kynferðislegum fantasí-um kvenna, að setja svo stóran part af tilveru kvenna á eðlilegri og betri stað.

Fantasíurnar eru sendar inn nafnlausar. Nafnleysið varð niðurstaðan eftir að meirihluti kvenna sem rætt var við um verk-efnið sögðu að þó þær vildu deila fantasíum sínum með öðrum konum, gerðu þær það síður án þess að tryggja væri að ekki einu sinni ritstjóri bókarinnar vissi hver þær væru. Nafnleysið ber virðingu fyrir að hver og ein kona þurfi ekki að opinbera sig heldur

sé í krafti leyndarinnar varp-að ljósi á samhljómi kvenna sem hefur að mörgu leyti verið í þögn.

Verkefnið er hugsað sem eitt af mörgum skrefum í þágu kvenna inn á markað þar sem karlmenn hafa um langt skeið haft tögl og hagldir. Ef vel tekst til gæti hér verið skref í átt að því að hægt sé að vinna ýmiss konar kynferðislegt efni á betri hátt og þar sem konur hafa rödd.

Í verkefninu er lögð áhersla að tala til kvenna en vissulega þýðir nafnleysið að karlar geti sent inn sögur ef þeir endilega vilja. Ég mat það svo að mikilvægara væri að virða óskir um nafn-leysi heldur en að girða fyrir þann möguleika, enda ekki hægt að koma alfarið í veg fyrir hann hvernig sem útfærslan hefði verið. Innsendar sögur verða eftir sem áður metnar eftir for-sendum kvenna. Ef innsend saga er þannig gerð að einhverjar konur gætu notið og samsam- að sig henni þá samræmist það markmiðinu: að búa til kynferð- islega örvasandi efni fyrir konur, á þeirra forsendum.

Verkefnið hefur þegar skilað þeim árangri að umræða um fantasíur kvenna hefur aukist og er það vel. Verkefnið virðist einnig eiga erindi þar sem innsendar fantasíur eru nú þegar orðnar margar. Sú staðreynd veitir öðru fremur innblástur og fullvissu um að þetta verkefni er skemmtilegt og þarft.

# Spyrjum að leikslökum

Skipulagsmál

**Guðmundur Kristján Jónsson**

nemi í skipulagsfræði við University of Waterloo



Það er vandlifað í Reykjavík um þessar mundir. Eftir efnahagshrunið hefur verið ládeyða í byggingariðnaði enda lítið um nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu síðustu misserin. Það þarf vart að fjölyrða um áhrifin sem lamaður byggingaiðnaður hefur á efnahag þjóðarinnar og ein af þeim leiðum sem stjórnvöld hafa grip- ið til að styrkja hann hefur verið að stórefla ferðamannaíðnað. Sú leið virðist hafa borið árangur og samkvæmt tölum frá Hagstof- unni hefur gistinóttum í Reykjavík fjölgað ár frá ári og yfir háanna- tímenn er skortur á gistiþlásum í borginni.

Miðborg Reykjavíkur er eitt helsta aðráttarafi höfuðborgar- svæðisins og því er mikilvægt að skipulag í miðbænum sé til fyrir- myndar. Sú er því miður ekki raun- in á Ingólfsstorgi. Skipulag torgsins og nærliggjandi svæða er vægast sagt umdeilt og ekki af ástæðu- lausu. Ber þar einna helst að nefna

ræmi við gildandi deiliskipulag og húsinn og lóðir sem þau standa á í einkaeigu.

Eftir mótmælin árið 2008 átti hins vegar sá fáheyrði atburður sér stað að eigandi húsanna féllst á að stofnað yrði til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um framtíð svæðisins sem hann hefur kostað að hluta til sjálfur. Þátttaka var góð en 68 tillögur bárust í keppni- na og hafa fimm tillögur verið valdar til áframhaldandi þátttöku.

Upp á síðkastið hafa á ný heyrst gagnrýnisráðir vegna fyrirhugaðra framkvæmda en nú um mán- aðamótin verður rekstri skemmti- staðarins Nasa hætt. Sú gagnrýni er sem fyrr afar skiljanleg enda Nasa frábær tónleikasalur og einstakur í Reykjavík af ýmsum ástæðum. Fyrirhugað hótél hefur verið nefnt öllum illum nöfn- um og talað er um framkvæmd- ina sem stórslys í menningar- og umhverfislegu samhengi. Til að sporna gegn hugsanlegu niðurrifi á svæðinu hefur verið lagt til að borgin festi kaup á húsnæðinu sem nú hýsir Nasa og sjái um rekstur staðarins í kjölfarið. Húsnæðið er hins vegar ekki til sölu og þó að svo væri þá er erfitt að sjá hvernig borgaryfirvöld gætu réttlætt kaup og rekstur á skemmtistað á

Par til annað kemur í ljós tel ég að dóm- nefndinni sé fyllilega treystandi til að velja tillögu sem fellur vel að nærliggjandi umhverfi ...

svæðið sunnan við torgið þar sem ægilegir brunagöflar Miðbæjar- markaðarinnar og Landsímahúss- ins tryggja að athygli vegfaranda beinist alveg örugglega ekki að því sem fallett gæti talist í nær- liggjandi umhverfi. Tónleikasal- urinn aftan við Thorvaldsenstræti 2, Nasa, verður einnig seint talinn augnayndi og hvað þá hið hland- brunna þröngstræti sem liggur meðfram salnum í átt að Austur- velli.

Í ljósi þeirra ástæðna sem nú hafa verið nefndar ætti það því að vera fagnaðarefni að eigandi meirihluta húsanna sunnan Ing- ólfstorgs ætli að hefja fram- kvæmdir á svæðinu, m.a. með byggingu hótels. Með því slær hann í raun þrjár flugur í einu höggi og leggur þannig lóð sitt á vogarskálarnar til að leysa áður- nefnd vandamál; byggingariðnað- urinn fær innspýtingu, Reykjavík getur tekið á móti fleiri ferða- mönnum og Ingólfsstorg fær lang- þráða og nauðsynlega upplýtingu.

Hugmyndir um hótélrekstur á þessum reit eru ekki nýjar af nálinni. Í janúar 2008 voru lagð- ar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi á reitnum sem þá mættu hörðum andmælum, ekki síst fyrir þær sakir að til stóð að salurinn aftan við Nasa yrði rif- inn, unnendum tónlistar til mik- ils og skiljanlegs ama. Fyrirhugað byggingamagn á svæðinu var einnig nefnt sem áhyggjuefni, ekki síst vegna skuggavarps og annarra sjónrænna þátta. Borgaryfirvöld höfðu lítið að segja í málinu enda fyrirhuguð hótélbygging í sam-

krepputímum. Enn síður gæti það talist skynsamlegt að skapa borg- inni himinháa skaðabótaskyldu með því að standa í vegi fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu.

Þegar öllu er á botninn hvolft er sá faglegi farvegur sem þetta skipulagsmál er í um þessar mund- ir allra besti kosturinn í stöðunni. Gildandi deiliskipulag og eignar- hald á svæðinu setur borginni þröngar skorður í málinu. Þess utan er ávallt sá möguleiki í stöð- unni að hafna vinningstillögu hugmyndasamkeppninnar ef hún reynist algjörlega óásættanleg.

Ég hef hins vegar trú á því að á meðal þeirra 68 tillagna sem bárust í keppnina verði ein þá minnsta ein sem leysir þann vanda sem að svæðinu steðjar. Þar til annað kemur í ljós tel ég að dóm- nefndinni sé fyllilega treystandi til að velja tillögu sem fellur vel að nærliggjandi umhverfi, leysir aðkomuvanda hópferðabíla og ann- arrar umferðar og sýnir Ingólfs- torgi þann sóma sem það á skilið í hjarta borgarinnar. Vonandi mun tillagan þar að auki gera ráð fyrir að notkun hússins verði blanda af hótélrekstri, íbúðum, verslun og þjónustu.

Þar til lokaniðurstaða hug- myndasamkeppninnar liggur fyrir er óþarfa bölmóður að rakka fyrirhugaða framkvæmd niður og ákveða fyrir fram að allt sé ómögulegt. Fögnun því frekar að skipulagsmál á svæðinu séu loks í faglegum farvegi sem vonandi skapar fjölda fólks atvinnu við að bæta ásýnd miðbæjarinnar.



**HELGI BJÖRNS SINGUR ISLENSKAR DÆGURPERLUR**

EIVÖR RAGNHILDUR GÍSLA SIGRÍÐUR KJÓNN  
JOHN GRANT VALDIMAR THORLACIUS KJÓNN JÓNSSON

Útsetningar: Samúel J. Samúelsson • Kynnir: Ragnar Kjartansson

Miðasala er hafin á harpa.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

**UMDEILDIR PISTLAR**

**vísir**  
- oft á dag



# Fiskveiðistjórnun og byggðaþróun

## Sjávarútvegsmál

Sigurjón Haraldsson  
viðskiptafræðingur



Það er ljóst að sjávarútvegur er án nokkurs efa ein mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga. Við vitum að fiskurinn er takmarkaður í sjónun og fiskveiðar þurfa að taka mið að því að fiskistofna fái tækifæri til að viðhalda sér. Því er fiskveiðistjórnun nauðsynleg til að gæta þess að við göngum ekki um of á fiskistofna og rýri þannig getu þeirra til að endurnýja sig.

## Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi

Við höfum þá reynslu af núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi að ýmislegt í þessu kerfi hefur verið gallað. Þegar núverandi kerfi var sett á laggirnar var ekki mikið rætt um þær afleiðingar sem slíkt kerfi gæti haft á byggðaþróun í landinu. Nú hafa ýmsir gallar komið í ljós og ljóst að mörg sveitarfélög á landsbyggðinni hafa farið hallloka. Framsali kvóta hefur bæði verið hrósað og andmælt, flestum kunnugt og því ekki rakið frekar hér í greininni.

## Byggðaðróun og fiskveiðistjórnun

Frumvarp til nýs fiskveiðistjórnunarkerfis á ekki að ræða nema um leið fari fram opin-ska umræða um byggðaðróun, þ.e.a.s. hvernig nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi geti nýst til að örva búsetuskilyrði á landsbyggðinni og hvernig það geti nýst til að byggja upp öflugt efnahagskerfi og efla heildarhagsmunum þjóðarinnar. Við búum við kerfi sem er gallað, en er hægt að bæta. Á því hvíla ákveðnar skuldbindingar sem ekki er hægt að afnema með einu pennastriki án þess að fjöldi útgerða fari í gjaldþrot og ýmis byggðalög munu verða enn verr úti.

Til að innleiða nýtt kerfi, verður að taka tillit til þeirra útgerða sem hafa nú þegar þann kvóta sem er leyfilegur. Við höfum ekkert í farvatninu sem segir að það séu einhverjir aðrir einstaklingar sem geti náð út meiri hagkvæmni í veiðum en þau fyrirtæki sem stunda þetta í dag og hafa gert um árabíl, en samt þarf að vera svigrúm til nýliðunar í greininni. Sú nýliðun má hins vegar ekki vera í því formi að hleypa inn nýjum skussum á kostnað vel rekinna fyrirtækja. Hins vegar þarf að setja hvata í kerfið sem hyglir góðri arðsemi og losar okkur við skussa sem hafa ekki það að markmiði að ná sem mestum arði fyrir byggðalögin og þjóðina í heild.

## En hvað er til ráða

Við erum með takmarkaða auðlind og verðmæti hennar ráðast á markaði en ekki í huga einstakra bankastarfsmanna. Ef við ætlum að hugsa um byggðaðróun í landinu, þá liggur það ljóst fyrir að afnema þarf pólitísk afskipti af greininni og taka upp byggðakvóta. Ein hugmynd gæti t.d. verið sú að útgerðir gætu fengið sjálfkrafa úthlutað afla í hlutfalli við greidda skatta, opinber gjöld og lönduðum afla í viðkomandi sveitarfélagi. Það leiðir til þess að þær útgerðir sem greiða hæstu gjöld í formi launa og launatengdra gjalda í viðkomandi sveitarfélagi myndu fá hæsta úthlutun. Það væri því eðlilegra að auðlindagjald væri greitt í gegnum skattkerfið þar sem renta ræður úthlutun og allir greiða sama hlutfall af hagnaði. Þeir sem ná ekki að reka útgerðina með hagnaði fá því minna úthlutað. Þetta þarf líka að ná yfir ákveðið tímabil þannig að úthlutun ætti sér t.d. stað á 5 ára fresti. Framsal veiðiheimilda milli byggðalaga ætti að vera bannað, nema með skiptikvóta.

Þannig myndu byggðalög alltaf halda sama kvóta þó svo að tegundir myndu breytast.

Aðlögun að nýju kerfi ætti að taka skemmri tíma en núverandi frumvarp, því útgerðirnar þurfa ekki annað en að skrá skipsáhafnir í viðkomandi sveitarfélögum og landa þar afla til að halda núverandi kvóta. Með því að úthluta byggðakvóta í samræmi við arðsemi og skatttekjur til viðkomandi sveitarfélags, þá myndi þetta tryggja að ákveðinn kvóti haldist í sveitarfélögum landsins. Núverandi útgerðir sem ekki bera sig myndu innan 5 ára eiga



Það væri því eðlilegra að auðlindagjald væri greitt í gegnum skattkerfið þar sem renta ræður úthlutun og allir greiða sama hlutfall af hagnaði.

á hættu að missa kvótann, nema til kæmi verulegur viðsnúningur

á rekstrinum. Á endanum myndu hagkvæmstu útgerðirnar halda mesta kvótanum.

Þetta er fyrst og fremst hugmynd um það hvort við viljum nota fiskveiðistjórnunarkerfið til að efla byggðaðróun í landinu eða ekki. Núverandi frumvarp gerir ráð fyrir pólitískum afskiptum ráðherra og ríkisstjórna og stuðla að hrepparíg og samfélagslegri sundrun þjóðarinnar.

Stærsti hagnaður þjóðarinnar af þessari auðlind er sá arður sem sjávarútvegsfyrirtækin skapa með betri framlegð, hærri skatttekjum af starfseminni og marg-

földunaráhrifum sem felast í getu þeirra til að endurnýja tæki og búnað til að ná enn betri framlegð og hagnaði.

Stjórnmalaflokkurinn Hægri Grænir vill stuðla að sjálfbærni fiskveiða og að unnið sé í samvinnu við núverandi útgerðarfyrirtæki, sem hafa þrátt fyrir ýmislegt gagnrýnivert unnið að mikilli þróun og hagræðingu í greininni. Hvati útgerðarfyrirtækja til að skila betri arði og uppbyggingu felst ekki í ofurskattlagningu sem drepur allt frumkvæði og hagræðingu í greininni.



Háskólinn á Akureyri



VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!

Sjálfstæði - Traust - Framsækni - Jafnrétti

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- ▶ Hjúkrunarfræði\*\*
- ▶ Iðjuþjálfunarfræði\*
- ▶ Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Viðbótarnám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

\*Einnig í boði í fjarnámi  
\*\*Fjarkennt til Reykjanesbæjar og Ísafjarðar

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- ▶ Félagsvísindi\*
- ▶ Fjölmíðlafræði\*
- ▶ Kennarafræði\* (leik- og grunnskólastig)
- ▶ Lögfræði
- ▶ Nútímafræði\*
- ▶ Sálfræði\*
- ▶ Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- ▶ Menntavísindi
  - M.A. í menntavísindum
  - Viðbótarnám í menntavísindum (60 einingar)
- ▶ Menntunarfræði
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - Viðbótarnám í menntunarfræðum (60 einingar)

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- ▶ Líftækni\*
- ▶ Sjávarútvegsfræði\*
- ▶ Náttúru- og auðlindafræði\*
- ▶ Viðskiptafræði\*
- ▶ M.S. í auðlindafræði
- ▶ M.S. í viðskiptafræði

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 60 þúsund.

Umsóknarfrestur til 5. júní

www.unak.is



# Hvað getur þú gert í þágu umhverfisins?

## Umhverfisvernd

Úrsúla Jünemann  
kennari og  
leiðsögumaður



Nú er að byrja fallegur árstími. Vorið er á næsta leiti, farfluglar koma í hópum til landsins og söngur garðfugla fyllir loftið. Fyrstu grænu stráin stinga sér í gegnum jarðveginn og trén eru að springa út. Krókusar eru búnir að blómstra og páskaliljurnar og túlpanar sýna sitt fegursta.

Því miður er ekki alltaf fallett að líta í kringum sig þegar farið er í gönguferð. Rusl og drasl er víða að sjá og sýnir að við á þessu skeri sem auglýsum landið okkar sem hreint og óspillt erum frekar á byrjunarreit hvað umhverfisvitund snertir. Mjög jákvætt er að það séu átök í gangi að virkja íbúa til að hugsa um nánasta umhverfi sitt.

Ekki gera ekki neitt! Ég man ekki í hvaða auglýsingu þetta slagorð var notað. En við getum haft þetta í huga þegar það kemur að umhverfisvernd. Hver og einn getur lagt sitt af mörkum og samantalið mun það hafa jákvæð áhrif á framtíð okkar sem jarðarbúar.

Hér eru nokkur atriði sem hver og einn gæti bætt sig í:

Fylgjumst með því sem er gerast á okkar landi. Verum gagnrýnin á það sem okkar ráðamenn vilja gera. Athugum í hvað skattþeningarnir fara: Eru það auknar gatnaframkvæmdir eða eru það ráðstafanir sem munu efla vistvænar samgöngur?

Viljum við að náttúruperlunum okkar verði fornað í brjálæðislegar virkjunarframkvæmdir sem munu skapa atvinnu í stuttan tíma? En hvað svo? Við ættum að vita betur eftir að við lentum í Kárahnjúka-ævintýrinu sem varð okkur dýrt og er það enn. Hver og einn getur látið í sér heyra og haft áhrif þannig.

Verum gagnrýnin á áróður hagsmunahópa sem vilja græða mikið á stuttum tíma. Góðir hlutir gerast yfirleitt hægt. Viljum við til dæmis að okkar lífeyrissparnaður fari í áhættusamar framkvæmdir eins og Hverahlíðarvirkjun eða sæstreng?

Kaupum umhverfisvænt: Veljum frekar vörur sem eru merktar alþjóðlegum umhverfismerkjum, t. d. svaninum. Forðumst að kaupa vörur í miklum og óþörfum umbúðum. Notum margnota innkaupapoka í staðinn fyrir plastpoka, Íslendingar eiga örugglega met í notkun einnota plasts í Evrópu. Minnkum notkun á vörum sem eru búnar að ferðast um hálfan hnöttinn og kaupum frekar árstíðarbundnið, t.d. jarðarber þegar þau eru til úr innlendri ræktun.

Verum góð fyrirmynd fyrir börnin okkar: Kennum þeim að henda ekki rusli frá sér hvar sem er. En þessum okkur sjálf á því að: Ganga vel frá ruslatunnum svo að ekki fjúki upp úr þeim. „Gleyma“ ekki hundaskítspokunum á leiðinni. Taka til eftir áramótaflugeldana okkar. Ganga tryggilega frá byggingarefni- og festa það niður, það vita jú allir að það getur komið hvassviðri. Stinga smárusli frekar í vasann, við vitum jú að sumum líður illa þannig að þeim finnst gaman að sparka botninn úr ruslfláttunum.

Minnkum bílanotkun: Gott er að plana daginn og hvaða ferðir eru nauðsynlegar. Oft er hægt að tengja erindin saman. Forðumst óþarft skutl og kennum börnunum frekar að nota strætó, reiðhjól eða bara fætuna, kennum þeim einnig að klæða sig eftir veðri.

Tökum nagladekk tímanlega af bílunum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Íhugum hvort yfir höfuð sé nauðsynlegt að nota nagladekk og hvaða aðrir kostir eru í boði.

Byrjum að flokka ruslið: Margt endurnýtanlegt efni fer í urðun og þetta er bæði soun á verðmætum og kostnaðarsamt. Jarðvegurinn tekur ekki endalaust við, alveg eins og sjórinn og andrúmsloftið. Það mætti til dæmis byrja að safna dagblöðum / fernunum í sérflát og flöskum / dósun í annað. Það er ekki mikill aukakrökur að keyra þetta reglulega í endurvinnslustöðvarnar. Þegar maður er kominn á lag með þetta er hægt að bæta við söfnun á gleri, plastumbúðum og jafnvel fleiru.

Og athugum hvort alltaf sé nauðsynlegt að kaupa nýtt. Oft má nota hlutina lengur heldur en margir gera í dag. Þetta kemur sér líka vel fyrir budduna.

Berum virðingu fyrir því að við eigum nóg af góðu vatni og að okkur skortir ekki mat né orku. Við eigum frábært land og þurfum ekki á ránrykju að halda.

Öll getum við lagt eitthvað af mörkum. Margt smátt gerir eitt stórt. Í staðinn fyrir einhver stór átök einu sinni á ári getur maður reynt að breyta lífsstílnum smávegis í þágu umhverfis og betri framtíð fyrir börnin okkar.

# Háskólasjúkrahús - Hvað er það?

## Nýr Landspítali

Guðrún Bryndís Karlsdóttir

sjúkraliði og  
verkfraeðingur með  
meistaragráðu í  
sjúkrahússkipulagi



Læknarnir Jóhannes Gunn-Larsson, Ólafur Baldursson og Kristján Erlendsson hafa í aðsendum greinum sínum ekki svarað spurningu Sighvats Björgvinssonar um hvað háskólasjúkrahús er, því geri ég það hér með.

## Kennslusjúkrahús

Landspítalinn var fram til ársins 2007 kennslusjúkrahús með vísindastarfsemi í tengslum við háskólana í Reykjavík og Akureyri, Íslenska erfðagreiningu, Hjartavernd o.fl. og takmarkaðist við umsvif starfsmennar og stærð samfélagsins sem það þjónustar. Þessi starfsemi er í fullu samræmi við það sem þekktist erlendis. Kennslusjúkrahús hefur m.a. það hlutverk að bjóða upp á verklegt nám í heilbrigðisfögum, ásamt framhaldsmenntun og rannsóknun, sem tekur mið af stærð og starfsemi sjúkrahússins. Í þessu umhverfi skapaðist sá

breskar tölur má búast við að tækið sjálft kosti a.m.k. 800 milljónir og rekstur þess á ári um 200 milljónir, auk mannskapsins sem þarf í kringum tækið. Yfirleitt tekur um tvö ár að setja tækið upp og stilla það. Í Bretlandi búa um 62 milljónir íbúa, þar eru innan við 20 tæki, þ.e. eitt tæki á hverjar 3 milljónir íbúa. Það má því velta fyrir sér hversu vel eða illa slíkt tæki nýtist 300 þúsundum íbúa - ég tek sérstaklega fram að ég er aðeins að velta fyrir mér kostnaði, siðfræðin í þessu öllu saman er annar handleggur, bæði hvað varðar hvort og hvernig á að bjóða upp á sömu þjónustu og það sem gerist best í heiminum og því með hvaða hætti aðferðir í læknisfræði eru þróaðar.

## Háskólasjúkrahús með lagasetningu Alþingis

Eftir sameiningu Lsp og Bsp byrjuðu starfsmenn sameinaðs spítala að kalla hann Landspítali - háskólasjúkrahús, og þegar þingmenn samþykktu lög um að Landspítali yrði háskólasjúkrahús á því merka ári 2007 má velta fyrir sér hvaða upplýsingar þeir höfðu til að taka slíka ákvörðun. Ólafur og Kristján lýsa lögumum sem ramma utan um starfsemi spítalans og að þau séu viðurkenning Alþingis á því starfi sem

Heilbrigðiskerfi lítillar eyþjóðar hefur ekki staðið eitt og sér hingað til, en háskólasjúkrahús getur einangrað þekkingu og þjónustu, sem hefur verið veitt í góðri þverfaglegri samvinnu LSH við innlend og erlend sjúkrahús hingað til - hvers vegna á að breyta því?

árangur í vísindastarfsemi sem læknarnir lýsa í greinum sínum.

## Háskólasjúkrahús

Eftir því sem kennslusjúkrahúsin stækka, oftar en ekki með sameiningu sjúkrahúsa, vex starfsemi og þjónustusvæði þeirra upp í það að vera háskólasjúkrahús. Munurinn á kennslusjúkrahúsi og háskólasjúkrahúsi er tölurverður, bæði hvað varðar kostnað og starfsemi. Þar eru t.d. stundaðar rannsóknir, rannsóknir byggja á tilraunum og út frá tilraunum eru síðan þróaðar aðferðir.

Eins og kemur fram í grein þeirra þjónustar háskólasjúkrahús a.m.k. eina milljón íbúa, það er ástæða fyrir því - því sjúkdómar eru misalgengir, yfirleitt er fjöldi sjúkdómstilfella metinn á hverja 10.000 eða 100.000 íbúa fyrir algengustu sjúkdómanna, en á hverja milljón íbúa fyrir sjaldgæfa sjúkdóma. Framhaldsnám lækna byggir á því að þeir kynnist nægum fjölda sjúkdómstilfella til þess að öðlast sérhæfingu. Fjöldi Íslendinga er einfaldlega ekki nægur til að uppfylla skilyrði fyrir framhaldsmenntun lækna. Fram til þessa hafa læknar í sérnámi getað tekið hluta af framhaldsnámi í sérgreinalækningum á Landspítalanum, enda takmarkast þjálfun við fjölda sjúklinga. Helsti styrkur íslensks heilbrigðiskerfis hefur verið sú þekking sem læknar koma með úr öllum bestu háskólum heims - en með því að takmarka sérnámi þeirra við Ísland má búast við því að kerfið veikist til muna.

## Fjölgun sérgreina

Fjölgun sérgreina þýðir aukinn tækjabúnað og fjölgun lækna og annarra heilbrigðisstétta með sérmenntun í viðkomandi sérgrein. Sem dæmi má nefna PET-skanna sem hluta af tækjabúnaði nýs háskólasjúkrahúss, m.v.

hefur þróast á Landspítalanum og Jóhannes bendir á að „Háskólasjúkrahús fjallar fyrst og fremst um afstöðu og getu starfsmanna og vilja stjórnenda til þekkingaröflunar og þekkingarmiðlunar.“

## Hjarta- og krabbameinslækningar

Í grein Ólafs og Kristjáns eru hjarta- og krabbameinslækningar teknar sem dæmi, en þessi þjónusta er almennt ekki einskorðuð við háskólasjúkrahús og var stunduð hér á landi fyrir sameiningu Lsp og Bsp, en kostnaðar- og áhættusöm þróunarstarfsemi fer fram innan háskólasjúkrahúsa. Þeir benda jafnframt á að „ástand“ geti skapast í náinni framtíð ef ekki verði byggður nýr háskólasjúkrahús og að það „ástand“ yrði líklega þannig að spurningar um önnur sjúkrahús á landinu yrðu með öllu óþarfar - það er full ástæða að þeir skýri fyrir landsmönnum í hverju þetta „ástand“ sem þeir hóta felst.

Þverfagleg teymisvinna milli stofnana hefur farið fram í formi farandsérfræðinga, símtala og með öðrum samskiptaleiðum. Endurskipulagning heilbrigðiskerfisins undanfarin ár hefur miðað að því að standa vörð um starfsemi LSH, m.a. með fjárlagagerð. Um nýtt háskólasjúkrahús hefur náðst þverpólitísk samstaða HÍ, LSH og stjórn-málamanna, en það gleymdist að spítalar eru byggðir af samfélaginu vegna þess að fólk veikist. Hefur náðst samfélagsátt um endurskipulagningu heilbrigðisþjónustu vegna áforma um nýtt háskólasjúkrahús?

Heilbrigðiskerfi lítillar eyþjóðar hefur ekki staðið eitt og sér hingað til, en háskólasjúkrahús getur einangrað þekkingu og þjónustu, sem hefur verið veitt í góðri þverfaglegri samvinnu LSH við innlend og erlend sjúkrahús hingað til - hvers vegna á að breyta því?

ÞVOTTAVÍKA  
Allir bílar á  
1.500 kr.

BÓN &  
ÞVOTTA  
STÖÐIN

GRJÓTHÁLSI



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GOTT RÁÐ

Ef glös eru föst saman má fylla innra glasið af ísmolum og setja glösin svo í skál með heitu vatni. Við það þenst ytra glasið út en það innra skreppur saman og auðveldlega er hægt að ná glösunum í sundur.

## Barnahúsgögn

tilvalin í barnaherbergið, leikskólann,,,



Járn og gler hf - Skútuvegur 1H  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 5858900 - www.jarngler.is



## HÆSTÁNÆGÐAR

**PÍLAGRÍMSFERÐ** Yfir þrjátíu konur frá Noregi voru staddar í Reykjavík um liðna helgi, sérstaklega til að kaupa efni í bútasaum. Kjerstin Thoen forsprakkinn í hópnum skipulagði ferðina eftir að hafa heimsótt Reykjavík í haust.

Virka er ein stærsta verslunin í Evrópu sem selur bútasaumsefni svo við ákváðum að gera okkur sérstaka ferð hingað á 20 ára afmæli saumaklúbbsins okkar," segir Kjerstin Thoen bútasaumskona hressilega þegar blaðamaður truflaði hana við innkaupin. „Ein okkar, Turid Lismoen, er gift Íslendingi og hefur talað mikið um þessa búð gegnum árin. Ég var svo sjálf stödd í Reykjavík í haust og bað Guðfinnu verslunarstjóra um að taka á móti okkur," bætir hún við og er á henni að heyra að þær hafi ekki orðið fyrir vonbrigðum. „Við erum hæstánægðar. Veðrið hefur leikið við okkur yfir helgina og búðin stóð fullkomlega undir væntingum. Hún er stór og úr-

valið miklu meira en við höfum í Ósló. Við keyptum okkur bækur og tæki til bútasaums og Guðfinna var svo væn að halda smá kynningu fyrir okkur," segir Kjerstin og Turid tekur í sama streng. „Við eigum ekki að venjast svona miklu úrvali í Ósló. Við keyptum allar duglega inn," segir hún hlæjandi.

Hópurinn telur 32 konur sem hittast reglulega. Kjerstin segir þó ekki mikið saumað á fundum en þær eru duglegar að sækja námskeið. Bútasaumur er vinsælt áhugamál í Noregi en í Norska Bútasaumsfélaginu eru yfir 3000 félagar. Þá er þrjónaskapur einnig vinsæll líkt og á Íslandi og notuðu margar kvennana tækifærið og keyptu garn í ferðinni.

**YFIR SIG HRIFNAR**  
Kjerstin Thoen og Turid Lismoen voru yfir sig ánægðar með viðtökurnar hjá Guðfinnu Björk, verslunarstjóra en Virka er ein stærsta verslun með bútasaumsefni í Evrópu.  
MYND/PIETUR

FRAMHALD Á SÍÐU 2

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF  
SVEFNSÓFUM



12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur\*



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.  
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



www.svefn.is

Gerðu gæða- og  
verðsamanburðu

Svefn & heilsa



\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



# HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA



## 5 ára afmæli

Þriðjudaginn 5. júní kl. 14:00

Stutt kynning á nútímataekni í heyrnartækjum.  
Léttar veitingar.

ReSound

"Tækin sem fá lífið til að hjóma eins og það er"

SURROUND SOUND by ReSound

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is  
Tímamantanir 534 9600



FRAMHALD AF FORSIÐU

Guðfinna segist fá nokkrar heimsóknir sem þessar á ári í búðina. Orðspor hennar fari greinilega víða og hópar geri sér ferð allsstaðar að úr heiminum, gagnert til að kaupa bútasumsefni. „Ég gæti farið út í ferðaþjónstubrannann ef ég hefði tíma til," segir hún hlæjandi. „Það hafa komið hingað konur frá Ástralíu, sem heyrðu af búðinni staddar á Englandi og skelltu sér hingað. Þá á ég von á hóp frá Denver í Colorado í sumar. Oft eru þetta svo stutt stopp að fólk ferðast ekkert um. Ég hef stundum sjálf skutlast einn hring um Reykjavík með gestina áður en þeir rjúka út á völl," segir hún.

Norski hópurinn flaug heim í gær en þær höfðu þó náð að skoða sig aðeins um, „þrætt túristastaðina" eins og Kjerstin kemst að orði. „Við þvældumst um Reykjavík fyrsta daginn og fórum svo að skoða Gullfoss og Geysi. Svo komum við aðeins við í Bláa lóninu. Það var alveg nauðsynlegt."

heida@365.is

**RÓTABÍREKKUM**  
Þrjátíu og tvær norskar bútasamskonur úr saumaklúbbumn Tasen Quiltelag gerðu sér sérstaka ferð til Reykjavíkur til að kaupa efni á tuttugu ára afmæli klúbbsins.

### GÓÐ FERÐ

„Veðrið hefur leikið við okkur yfir helgina og búðin stóð fullkomlega undir væntingum."

**FARIÐ YFIR TÆKNI-ATRÍÐI** Norski hópurinn fékk létt kynningu á áhöldum og aðferðum við bútasam meðan á heimsókninni stóð.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir  
Sölu menn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427

Skráning í síma 581 3730 og á jsb.is

# Sumarnámskeið hjá DANSSTUDIO JSB

Fjölbreytt og kraftmikil dansnámskeið í sumar!

### JAZZDANS og PÚL 16+

Námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í gott form.

- Kennt er 4x í viku 75 mín. Tímar kl. 18:35 mánudaga – fimmtudaga.
  - Tvö tímabil: 29. maí – 11. júní, 12. júní – 25. júní
  - Kennarar eru: Gerður Guðjónsdóttir, Katrín Ingvaldóttir, Irma Gunnarsdóttir og Una Björg Bjarnadóttir.
- Verð fyrir hvert tímabil er 10.000 kr.

### BALLETT OG NÚTÍMADANS, 8.-15. ágúst

Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.

- 6 skipti, tvöfaldir tímar - 90 mín. ballett og 75 mín. nútímadans.
  - Tímar kl. 16:40 – 19:25, kennt miðvikudag – föstudags 8.-10. ág. og mánudag – miðvikudags 13.-15. ág.
  - Kennari: Katrín Ingvaldóttir.
- Verð á námskeiði: 14.500 kr.

Vertu með í sumar!



DANSLISTARSKÓLI

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

## AÐ STÍFA DÚKA

Stífelsi má auðveldlega útbúa heimavið

Stífelsi úr sykri  
3 msk. sykur (strá- eða flórasykur)  
2,5 dl sjóðheitt vatn  
Sykurinn leystur upp í vatninu.  
Látið kólna aðeins. Dúknunum dýft í og svo undið vel. Lagt til og strekkt með títuprjónum og látið þorna.  
Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS







Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufultrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir  
sölufultrúi



Ruth Einarsdóttir  
sölufultrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500



Auður Kristinsdóttir  
Sölufultrúi  
Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

Hörðaland 2

Opið hús þriðjudaginn 5. júní kl. 18:00 - 18:30



2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér-palli og garði á skjól-sælum stað í miðjum Fossvoginum. Íbúðin snýr öll í suður.  
54 fm. Verð 15,9 m

Sími 824 7772

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

## Falleg eign með stórbrotnu útsýni

Fasteignasalan Torg kynnr einstaklega fallega neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við golfvöllinn í Grafarholti.

Eignin er öll mjög vel um gengin og frágangur til fyrirmyndar. Hiti er í bílplani og gangstíg að húsinu. Örstutt er út í náttúruna og óbyggt svæði er fyrir neðan húsið. Eignin er samtals 166,3 fermetrar en þar af er 28,4 fermetra bílskúr. Að auki fylgja 9 fermetra yfirbyggðar svalir eigninni.

Nánari lýsing á eigninni er sem hér segir. Gengið er inn beint af götunni í íbúðina. Forstofan er rúm-göð með náttúruflísu á gólfi og mjög góðum eikarfataskápum sem ná upp í loft. Inn af forstofu er mjög snyrtilegt gestasalerni. Stofan er björt og falleg með miklum gluggum og vonduðum strimlagardinum sem fylgja. Stofan rúmar einnig



Örstutt er í guðsgræna náttúruna og óbyggt svæði er fyrir neðan húsið.

borðstofu og er gott eikarparket á gólfi. Eldhúsið er samliggjandi stofunni. Það er vel útbúið með hvítri innréttingu og granít á borðum. Eins er granít á öllum sólbekkjum eignarinnar. Stór og góð eyja er í eldhúsinu með stóru keramikhellu-borði. Góð tæki eru í eldhúsinu. Útsýni frá eldhúsglugga er stórbrotið.

Frá eldhúsinu er gengið út á yfirbyggðar svalir með steinflísu á gólfi. Þrjú svefnherbergi eru í eigninni öll með góðum eikarfata-

skápum og parketi. Aðalbadherbergið er fallegt og flísalagt í hólfi og gólf. Nýlegt nudbaðkar er í badherberginu ásamt góðri sturtu með glerhurð. Þar er upphengt salerni og opnanlegur gluggi. Innan íbúðar er svo mjög stórt þvottahús ásamt geymslu. Bílskúrinn er nýmálaður með lökkuðu gólfi og heitu og köldu vatni.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir sölustjóri í síma 895-6107 eða á hafdis@fasttorg.is.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

## STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærsted  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Reykjabyggð 11 - 270 Mosfellsbær

**OPIÐ HÚS**

Glæsilegt og vel byggt 250 m<sup>2</sup> einlyft einbýlishús með bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarrými. Undir bílskúrnum öllum er 53 m<sup>2</sup> kjallari. Húsið stendur á 860 fm verðlaunalóð með stórra verönd, heitum potti, stórra hellulagðri upphitaðri innkeyrslu. V. 57,0 m.  
**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

### Ólafsgesli 20 - 113 Reykjavík

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG**

Sérlega glæsileg 166,3 m<sup>2</sup> neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við Ólafsgesla í Grafarholti. Eignin er mjög falleg og vel umgengin. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. Mjög glæsilegt útsýni er frá húsinu. Örstutt er út í náttúruna og á golfvöllinn. Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Lækkað verð! Hagstæð áhvilandi lán! V. 47,9 m.  
**Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**

### Úlfarsbraut 48 - Nýjar íbúðir með bílastæði í bílakjallara.

Bjartar og fallegar 92 m<sup>2</sup> til 113 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Úlfarsbraut 48 í Úlfarsfellsdalnum. Fallegt útsýni. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með innréttingum og gólfefnum. Flottur staður, leik- og grunnskóli er rétt við húsið. Íbúðirnar eru lausar til afhendingar strax. Verð frá 25,8 m.



**Laxatunga - 270 Mosfellsbær**  
Vorur að fá í sölu fimm 243,9 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ. Húsin seljast í því ástandi sem þau eru í dag. Húsin eru staðsteypt, gluggar glerjaðir, bílskúrshurð uppsett. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 23,9m. til 25,9 m.



**Laxatunga - 270 Mosfellsbær**  
Falleg 204 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð við Laxatungu. Húsin er vel staðsett og stenda hátt með útsýni yfir Leirvoginn. Húsin skilast í því ástandi sem það er í dag. V. 25,9 m.



**Helgaland 2 - 270 Mosfellsbær**  
Falleg og mikið endurnýjuð 94,8 m<sup>2</sup> neðri sérhæð ásamt 37,4 m<sup>2</sup> bílskúr við Helgaland 2 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, þrjú herbergi, eitt þeirra er nýtt sem sjónvarpsherbergi, badherbergi með baðkari og sturtu, geymslu/þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. V. 26,9 m.



**Porlaksgeisli - 113 Reykjavík**  
Mjög falleg 113,5 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Porlaksgeisla 27 í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, badherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 7,5 m<sup>2</sup> sérgeymsla í kjallara. V.32 m.

### Asparfell 4 - 111 Reykjavík

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 52,4 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 7 hæða lyftuhúsi við Asparfell 4 í Reykjavík. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Eignin er laus til afhendingar strax. V.13,9 m.

### Tröllateigur 1 - 270 Mosfellsbær

